



Mynd: Dagskráin/Helga Guðrún Lárusdóttir

Konungskaffi opnaði óvænt á sumardaginn fyrsta

Nýjasta viðbót í veitingaflóru Selfyssinga opnaði dyr sínar fyrir gestum og gangandi á fyrsta degi sumars. „Við opnuðum óvænt, við fengum leyfi til þess að opna svo við bara ákváðum að prufa og það gekk alveg ótrúlega vel.“ Segir Sunna Mjöll Caird, annar rekstraraðili hins fallega nýja kaffihúss Konungskaffi, sem opnaði sl. fimmtudag í miðbæ Selfoss.

Ásamt Sunnu kemur Ísak Eldjárn Tómasson að rekstri Konungskaffis, aðspurður um þessa staðarins segir Ísak að þau hafi viljað halda í sögu hússins, sem upphaflega var reist á Þingvöllum, rétt fyrir neðan Öxarárfoss vorið 1907 og var ætlað Friðriki 8. Danakonungi til bústaðar í heimsókn hans til Íslands um sumarið. Síðar var húsið leigt út til kaffisölu og gistingar og í því voru haldin réttaböll á haustin. Fyrir Alþing-

ishátíðina 1930 var húsið gert upp og flutt um 200 metrum utan við Valhöll. Var húsið nýtt sem bústaður Kristjáns konungs og Alexandrínu drottningar á Alþingishátíðinni og í kjölfarið tíðkaðist að ráðherrar dveldu í Konungshúsinu að sumarlagi, einkum forsætisráðherra. Sá harmleikur átti sér svo stað sumarið 1970 að Konungshúsið brann í eldsvoða, en þáverandi forsætisráðherraþjónin, Bjarni Benediktsson og Sigurður Björnsdóttir ásamt Bjarna, ungum dóttursyni þeirra fórust í eldsvoðanum.

Ekkert meitlað í stein
Konungskaffi opnar klukkan 9 á morgnana og til stendur að

hafa opið til kl. 20, en Sunna og Ísak segja opnunartímann síður en svo meitlaðan í stein og ætla að spila þetta eftir eyranu og stemningu fyrst um sinn, á meðan þau eru að keyra reksturinn af stað. Það sama á við um matseðilinn en með því að halda í sögu hússins sækja þau innblástur til Danmerkur og gamalla íslenskra hefða. Þau bjóða uppá kaffi frá Te & Kaffi, léttvín og bjór og hyggjast prófa sig áfram með ýmsa rétti en á boðstólnum eru meðal annars girnilegar brauðertur, beyglur, lagtertur, kleinur, snúðar og að sjálfsögðu ómótstæðilegt smørrebrød.

Lesendur geta fylgst með helstu fréttum frá Konungskaffi á Instagram.

HGL



DJÄSS á ferð og flugi

Tríóið DJÄSS leggur af stað í tónleikaferð um landið í maí og júní. Stefnt er á að hefja leik í Hlöðueldhúsinu í Þykkvabæ þann 5. maí, kl. 20.00.

Tríóið hefur gefið út 3 plötur og inniheldur fyrsta platan þeirra „Songs from the top of the world“, íslenskt rokk-, punk- og dægurlög í þeirra útsetningum, orðin ein söluhæsta íslenska instrumentál jazzplata sem komið hefur út hér á landi. Platan kom út 2011 og er enn að seljast. JR Music gaf hana svo út á vinyll fyrir nokkru og er hún geysivinsæl á steymisveitum

víða um heim sem hefur m.a. leitt af sér að þeir eru að fara að spila á geysiflöttu jazz-festivali, Jazz Baltica í Þýskalandi í lok júní, en til stendur að enda tónleikaferðalagið þar. Þeirra þriðja plata kom út í fyrra og fyrir hana fékk Karl Olgeirsson, píanóleikari, tilnefningu til íslensku tónlistarverðlaunanna í flokknum „lagahöfundur ársins í jazz og blústonlist“.

Tríóið DJÄSS hefur starfað frá árinu 2010, þeir gengu undir nafninu Hot Eskimos fyrstu 10 árin en breyttu nafninu í DJÄSS fyrir tveimur árum.



Bakameistari Pálmatrés 2022 krýndur

**Fáðu
fagmann
í verkið**

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

**FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA**

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



TILBOÐSDAGAR

Á ÖLLUM SUMARÚLPUM OG JÖKKUM

GLÆSILEGT ÚRVAL AF FALLEGUM SUMARFATNAÐI

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

WWW.TISKUVERSLUN.IS
KÓÐINN FYRIR JAKKATILBOÐ Í VEFVERSLUN ER JAKKI20

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Bífhjólasamtök Suðurlands Postular

ætla að byrja sumarið með afmælisrúnti,
laugardaginn 30. apríl kl. 15:00.

Lagt er af stað frá félagsheimilinu að Hrísholti 9, Selfossi.

Einnig eru fastir rúntar öll þriðjudagskvöld kl. 20:00.
(Sjá Facebook-síðu, Postular Bífhjólasamtök Suðurlands).



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Íþróttamiðstöðin Borg

**Við leitum að þjónustulundduðu fólki
í sumarstarf frá 1. júní til 21. ágúst.**

(lágmarksaldur er 18 ára)

STARFSSVIÐ OG VERKEFNI

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgreiðslu og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
- Almenn þrif.
- Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálpi og þarf að standast hæfnispróf sundstaða.

HÆFNISKRÖFUR

- Lágmarksaldur 18 ár.
- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Dugnaður, stundvísi og samviskusemi.
- Þurfa að standast námskeið í skyndihjálpi og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns
Íþróttamiðstöðvarinnar Borg á netfangið rut@gogg.is.

Umsóknarfrestur er til 1.maí 2021.

Nánari upplýsingar gefur
Rut Guðmundsdóttir í síma 899 8841.

Vel heppnaður aðalfundur Veidifélags Þjósar

Aðalfundur Veidifélags Þjósar var haldinn á Stracta Hótel á Hellu, þriðjudaginn 12. apríl sl.

Brösulega hefur gengið undanfarin ár að halda aðalfundi, og í tvisgang hefur veiðifélagið þurft að fresta boðuðum fundum vegna Covid faraldurs og veðurs. Og það er bæði kostnaðarsamt og mikil vinna að senda út fundarboð í ábyrgðarpósti, kostar mörg hundruð þúsund að boða hvern aðalfund.

En nú gekk allt upp og fundurinn fór vel fram við þryðilegar aðstæður á Stracta Hótel. Í upphafi fundar minntust fundarmenn látins félaga, Einar Haraldssonar bónda á Urriðafossi í Flóa, sem féll frá vorið 2021, en hann hafði verið í stjórna Veiðifélags Þjósar samfellt frá 1986.

Fjöldmörg mál voru rædd og afgreidd, þar ber helst að nefna nýjar samþykktir fyrir Veiðifélag Þjósar þar sem meðal annars er kveðið á um stækkun vatnasvæðis félagsins. Því laxastígi við Búðafoss frá 1991 hefur gert það að verkum að umtalsvert svæði opnast fyrir laxfiska, sem nú hafa numið vatnasvæðið frá Búða uppað Þjófaþessi og ganga sum árin yfir 2000 laxfiskar upp Búðafossteljarann og hrygna þar fyrir ofan.

Annað merkilegt mál sem afgreitt var á fundinum er svo



Fremri röð frá v.: Oddur Bjarnason, Stöðulfelli og Daníel Magnússon, Akbraut. Aftari röð frá vinstri: Jón Árni Vignisson, Skálmholti. Ísleifur Jónasson, Kálfholti, Erlendur Ingvarsson, Skarði. Haraldur Einrsson, Urriðafossi og Valdimar Bragason, Selfossi.

kölluð Nýtingaráætlun fyrir Þjósar, sem rædd var ýtarlega og síðan vísað til stjórnar Veiðifélags Þjósar og Fiskistofu/Hafnannsóknarstofu til lokaafgreiðslu.

Veiðitilhögun á sumri komanda var rædd og ákveðið að fara eftir Nýtingaráætlun Veiðifélags Þjósar, hvað varðar upphaf og lok veiða.

Magnús Jóhannsson frá Hafnannsóknarstofnun flutti fróðlegt erindi um fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjósar, en þær rannsóknir hafa verið stundaðar um áratuga skeið í samvinnu við Landsvirkjun. Þjósarlax-

astofninn er stærsti laxastofni í Íslenskum ám, og stofninn telur að jafnaði um 10.000 laxa. Sagði Magnús að seiðabúskapur Þjósar væri almennt í góðu standi, og gæfi það vonir um góða veið á sumri komanda.

Þá var ný stjórn Veiðifélags Þjósar kosin og hana skipa:

Oddur Bjarnason, Stöðulfelli. Daníel Magnússon, Akbraut. Valdimar Bragason, Selfossi. Erlendur Ingvarsson, Skarði. Haraldur Einrsson, Urriðafossi. Jón Árni Vignisson, Skálmholti. Ísleifur Jónasson, Kálfholti. Stjórnin á eftir að skipta með sér verkum.

-VBr.

Rúmlega 20 krakkar tóku þátt

Laugardaginn 2. apríl sl. var síðasti kennsludagur skákkennslu grunnskólabarna í Fischersetri. Þetta var síðasti tíminn af 8 skipta námskeiði, sem byrjaði í febrúar sl. Rúmlega 20 krakkar tóku þátt í námskeiðinu og sáu Arnar Breki Grettisson og Ingimundur Sigurmundsson frá Skákkfélagi Selfoss og nágrennis um kennsluna. Í síðustu kennslustundinni var blásið til skákmóts og úrslitin urðu þau að Magnús Tryggvi Birgisson vann allar sínar skákir og sigraði mótið með 7 vinningum, næstir komu þeir Vilhjálmur



Hólm Ásgeirsson, Grímur C. Ólafsson og Ásgeir Ægí Gunnarsson sem allir voru jafnir að stigum eða 5 vinninga

hver, en þar sem Vilhjálmur hafði teft við sterkustu andstæðingana hlaut hann annað sætið og Grímur það þriðja.



1. maí

SELFLOSSI

Við Vinnum

Kröfuganga verður kl.11.00

Safnast verður saman við Austurveg 56 og gengið að Hótel Selfoss þar sem dagskrá í tilefni 1. maí fer fram. Boðið verður upp á veitingar í boði stéttarfélaganna. Félagar í Hestamannafélaginu Sleipni munu fara fyrir göngunni



Kynnir verður Árný Erla Bjarnadóttir formaður FOSS.

Aðalræðumaður verður Flosi Eiríksson framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands og fulltrúi unga fólksins verður Jóhannes Torfi Torfason nemi í ML.

Sönghópurinn Tónafljóð verður með ævintýrlega barnaskemmtun og Guðrún Árný söngkona og píanóleikari flytur nokkur lög.

Sleipnisfélagar munu teyma undir krökkum í Sleipnishöllinni milli 12.30 – 14.30

Bífreðaklúbbur Selfoss mætir með glæsikerrur sínar fyrir utan Hótel Selfoss og börn fá andlitsmálningu hjá Fimleikadeild Selfoss



Enginn hengdi bakara fyrir smið í rosalegu einvígi starfsmanna Pálmatrés

Á síðasta vinnudegi dymbil-vikunnar fór fram hörkuspennandi úrslitaeinvígi í kökubakstri hjá starfsmönnum Pálmatrés.

Keppnin, sem hefur verið með svokölluðu útsláttarsniði, hefur staðið yfir í ríflega fjóra mánuði og hafa starfsmenn notið góðs af því að fá að smakka kökur og kjósa þá betri af tveimur frá allavega 20 keppendum á keppnistímabilinu og ætti það ekki að fara framhjá nokkrum manni að mikið var í lagt og metnaðurinn mikill fyrir þessu verkefni, enda kökurnar hinar glæsilegustu.

Bakarsmiðirnir sem háðu úrslitaeinvígið voru þeir Gísli Þór Brynjarsson og Pétur Pálmason, en þeir höfðu lagt alla andstæðinga sína að velli fram að úrslitastundu. Dórnafndina skipuðu eigendur GK bakarís, þeir Guðmundur Helgi Harðarson og Kjartan Ásbjörnsson, ásamt fulltrúa verkamannsins, Herði Óla Guðmundssyni.

Mjótt var á munum, en að lokum fór þó svo að Gísli Þór stóð uppi sem sigurvegari og hlaut titilinn Bakameistari Pálmatrés 2022.

Þeir Gísli og Pétur studdust við uppskrift frá strákunum í GK Bakaríi sem þeir deila hér góðfúslega með lesendum okkar, þessa verða allir að prófa!

Kökubotnar:

- 2 egg
- 2 dl sterkt kaffi
- 2,5 dl súrmjólk
- 1,25 dl matarolía
- 200 gr hveiti
- 420 gr sykur
- 85 gr kakó
- 1 tsk lyftiduft
- 2 tsk matarsódi
- 1 tsk salt
- 1 tsk vanillusykur / dass af vanilludropum

Ofninn er hitaður í 160 gráður á blæstri. Þrjú bökunarform, 20 cm í þvermál eru smurð að innan (gott er að sníða bökunarpappír í botninn til að auðvelda losun). Eggjum, kaffi, matarolíu og súrmjólk hrært saman í stutta stund. Því næst er þurr-efnum bætt í og hrært þar til blandan er orðin kekklaus. Deiginu er skipt í formin þrjú



og bakað í sirka 35 mínútur. Athugið að botnarnir munu líta út fyrir að vera blautir! Botnarnir látnir kólna á meðan kremið er búið til. (Gott er að stinga botnunum aðeins inn í frysti áður en kakan er sett saman)

Sósa:

- 100 gr ber eða ávöxtur að eigin vali
- 100 gr sykur
- Tæp msk maizena mjöl
- 60 gr vatn

Öll hráefni sett í pott. Hitið blönduna að suðu og lækkið þá hitann og hrærið vel í blöndunni í um þrjár mínútur. Blandan skal kæld niður fyrir notkun (ath: má gera deginum áður). Hægt er að notast við frosin ber/ávexti.

Krem:

- 500 gr Mascarpone ostur
- 3 dl rjómi
- 2,5 dl SÓSA
- 120 gr sykur
- Tveir dropar af vanilla

Rjóminn er þeyttur og stungið í ísskáp á meðan mascarpone osturinn, sykurinn og vanillan er þeytt saman. Þeytta rjómanum og sósunni er hrært varlega saman við ostakremið. Hægt er að skipta Mascarpone ostinum út fyrir rjómaost – en það breytir bragði og áferð ör-lítið.



Súkkulaðihjúpur

- 175 gr suðusúkkulaði
- ½ dl rjómi
- 1 msk smjör
- 1msk síróp

Öll hráefnin eru hituð saman í potti við vægan hita. Gott er að hræra í blöndunni öðru hvoru þar til hún er orðin slétt og samfelld. Þá er súkkulaðiblandan tekin af hitanum og leyft að kólna þar til hún hefur þykknað passlega mikið. Blöndunni er svo hellt yfir kökuna og hún látin leka niður með köntunum.

Hægt er að leika sér með samsetningu á súkkulaði, s.s: skipta út hluta af súkkulaðinu fyrir t.d appelsínusúkkulaði.

Uppskriftin er fyrir eina köku. Kökubotnarnir eru blautir – svo hér þarf að hafa auga með því að baka þá nógu mikið, en alls ekki of lengi svo þeir þorni ekki upp.

Kakan má vera hringlött, ferkönnuð, þríhyrnd eða hvernig sem listagyðjan blæs ykkur innblástur í brjóst. Kakan skal vera þriggja laga, s.s Botn – krem – botn – krem – botn – og að endingu hjúpuð (þakin) kremi. Mælt er með að gera kökuna deginum áður og leyfa henni að standa í kæli yfir nótt svo botnarnir dragi í sig raka og bragð og kremið fái að taka sig.

Mælt er með að skreyta hana samdægurs ef hægt er.



Ég þakka móður minni fyrir áskorunina. Ég hef lært mikið um eldamennsku af henni og mörgum, mörgum öðrum. Mér finnst gaman að elda þegar ég hef nægan tíma og get hlustað á góða tónlist á meðan. En skemmtilegast er að setjast niður með vinum og fjölskyldu og njóta afrakstursins.

Uppskriftirnar að þessum réttum koma úr öllum áttum, enda skemmtilegast að prófa sig áfram sjálfur og fara eftir því sem aðrir hafa gert allt í bland.

Ostafylltar kjúklingabringur með heslihnetum, borið fram með sætum kartöflum, sumar-salati og heimalöguðu pestó.

Kjúklingur:

- 4 kjúklingabringur
- 1-2 pk hakkaðar heslihnetur
- 1 búnt steinselja
- Ostur til fyllingar að eigin vali – best finnst mér að setja góðan blámyglu-ost eins Roquefort og líka piparost eða vel þroskaðan gullost.
- Gróft salt og pipar

Eldfast mót smurt með olíu. Skerið vasa í hlið bringnanna og setjið ost inní. Saxið steinseljuna smátt, setjið í skál með hökkuðum heslihnetum, blandið saman og kryddið með salti og pipar. Veltið bringunum upp úr hnetublöndunni og setjið í eldfasta mótið. Ef afgangur er af hnetublöndunni, hellið henni þá yfir allt saman. Eldið í ofni við 180 gráður í ca. 40 mín. eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn.

Sætar kartöflur a la Óli

- 2 stórar sætar kartöflur
- Hálfur hvítlaukur – eða meira eftir smekk
- Góður biti af fersku engiferi
- Einn ferskur rauður chili, eða þurrkaður chiliflögur.
- Salt og pipar
- Góð ólífuolía í vænum slumpum

Kartöflurnar skornar í teninga, engifer, chili og hvítlaukur saxað smátt – allt sett í eldfast mót. Hellið olíu yfir og blandið vel. Kryddið með salti og pipar. Eldað í ofni í um 30-40 mínútur. Gott er að taka einu



Guðfinnu Gunnarsdóttur. er Matgæðingurinn þessa viku

sinni út úr ofninum og hræra í.

Salat með bláberjum og piparosti

- Hálfur poki spínat
- Hálfur poki ruccola salat
- 2-3 vorlaurkar
- Ein lítil askja bláber
- 1 lime
- Hálfur piparostur

Spínat og ruccola skolað og blandað saman. Vorlaurkar saxaður og blandað saman við. Bláber skoluð og sett yfir ásamt piparosti sem búið er að saxa í litla bita. Kreistið lime-safa yfir og rífið að lokum limebörk yfir allt saman.

Heimagert pestó

- 1 búnt basilika
- 25 g furuhnetur eða kasjúhnetur, annað hvort þurr ristaðar eða lagðar í bleyti í 1/2 klst
- 25 g parmesan
- 1-2 hvítlauksrif
- smá sjávarsalt
- 1 tsk sítrónusafi
- 1/2 - 3/4 dl jómfrúarólíf-olía

Setjið allt í matvinnsluvél og hrærið saman. Hægt er að leika sér með þessa grunnuppskrift og setja tómat, rucola, eða vorlaur í staðinn fyrir basiliku og þróa áfram sitt eigið pestó. Mikilvægt er að smakka sig áfram með þessa uppskrift og bæta við parmesan, olíu, sítrónu og salti eftir smekk.

Ég skora á Jónheiði Ísleifsdóttur, vinkonu mina og leiksystur að koma með uppskrift í næsta blað. Ég veit að hún er mikill matgæðingur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheiti: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Hraustur er og hugumstór, hann við gluggann dvelur rór, höfuðþrýði á hjúkkunni, í hjólbarða á sukkunni.

Svar við gátu í blaði 2645: VALUR



Framsókn í Árborg



Fjölskyldan í sókn! með Framsókn xB

Á myndinni eru sjö efstu frambjóðendur Framsóknar í Árborg.

Efri röð frá vinstri: Arnar Páll Gíslason, Díana Lind Sigurjónsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson,
Ellý Tómasdóttir og Gísli Guðjónsson.

Neðri röð: Guðrún Rakel Svandísardóttir og Matthías Bjarnason.

KJÖRSKRÁ



fyrir sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshrepp vegna sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022 liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins í Stjórnsýsluhúsinu á Borg, frá og með 19. apríl 2022 til kjördags, mánudaga – fimmtudaga kl. 8:00 – 15:00 og föstudaga kl. 8:00 – 12:00

Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Laus störf í sumar hjá Heilsustofnun



Aðstoð á hjúkrun

Í starfinu felst öll almenn aðstoð á hjúkrunarvakt. Unnið er á þrískiptum vöktum. Gott tækifæri fyrir sjúkraliða- og hjúkrunarnema, auk þeirra sem hafa áhuga á að kynnast fjölbreyttum störfum hjúkrunar á Heilsustofnun.

Ræsting

Leitað er að starfsfólki sem er jákvætt, þjónustulundað og sjálfstætt í vinnubrögðum.

Vinnutími er 08:00-15:00 – vaktavinna

Umsóknarfrestur er til 6. maí.

Nánari upplýsingar veitir:

Aldís Eyjólfsdóttir starfsmannastjóri, aldís@heilsustofnun.is í síma 4830300.

Heilbrigðisgagnafræðingur óskast til starfa við Heilsustofnun í Hveragerði

Laus er til umsóknar 80% staða Heilbrigðisgagnafræðings við Heilsustofnun, önnur heilbrigðismenntun kemur einnig til greina. Starfið felst í innskráningum dvalargesta og lækna ritun

Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og hafa góða hæfni í samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Aldís Eyjólfsdóttir starfsmannastjóri

Umsóknir með ferilskrá sendist til starfsmannastjóra, aldís@heilsustofnun.is

Heilsustofnun NLFÍ
Grænamörk 10
810 Hveragerði



Fræðibækur eru mínar ær og kýr segir lestrarhesturinn Hildur Hákonardóttir

Hildur Hákonardóttir er fædd í Reykjavík árið 1938. Hún er því af þeirri kynslóð sem man eftir stríðsárunum og líklega af þeirri kynslóð sem hefur lifað í gegnum hvað mestar þjóðfélagsbreytingar. Hún fluttist átján ára til Bandaríkjanna og dvaldi þar á nokkuð afgerandi mótunarárum bæði sínum og landsins. Eftir heimkomuna lagði hún stund á myndvefnað og kenndi við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og stýrði honum gegnum töluverðar breytingar á árunum 1975-78. Hún fluttist í Ölfusið á garðyrkjubýli 1980 og tók skómmu síðar við Byggða- og listasafni Árnessýslu og stýrði hvoru tveggja meðan þau söfn voru enn staðsett á Selfossi. Bilslys olli því að hún varð að hætta að starfa við vefinn og takast á við einfaldari hreyfingar og fór að skrifa þess í stað.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Ég er stöðugt að glugga í bækur. Allt frá handbókum um ræktun yfir í allskonar mannkynssögur. En um daginn tók ég fram Gunnlaðarsögu Svövu Jakobsdóttur og er að endurlesa hana. Nýjasta bókin sem ég keypti eru Sjö goðsögur um Lúther. Það er erfið lesning en ég held að það sé mjög þarft að taka áhrif hans á trúarlíf okkar til endurskoðunar. Ekki síst þurfum við konurnar að kynna okkur hvernig og af hverju hinu kvenlega hefur smám saman verið útrýmt úr þeirri trúarstefnu sem við hann er kennd.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Fræðibækur eru mínar ær og kýr í bókaheiminum. Upplýsingarnar eru raunverulegri á pappírnum, þótt svo að fleira finnist á internetinu – en það er svo fljótandi. Það er annars konar veröld. Bækur sem ég á og eru svo mikið notaðar að þær eru við að detta eða dottnar úr bandinu eru gamla Íðnsagan sem gefin var út 1930 (búin að líma hana núna), Ævisaga Eggerts Ólafssonar (er hjá bókbíndara), Íslensk list frá fyrri öldum, Handritin og forn-sögurnar (myndahefti), Matur og drykkur Helgu Sigurðar og Matreiðslubók Jóninnu. Sama má segja um Samheitaorðabókina og Íslensku orðsifjabókina. Fallega myndskreyttar pappírskápurnar utanaf fyrstu útgáfu Íslandsklukkukiljans eru dottnar af en hún kom út í þremur heftum óinnbundin og hinar hétu Eldur í Kaupmannahöfn og Hið ljósa man. Þegar ég fór að hugleiða það sá ég að allar þessar bækur höfðu tilheyrt öðrum á undan mér og því jafnvel gagnast fleiri en einni kynslóð. En bækur eru misjafnlega vel frágengnar. Það sér varla á þjóðsögum Jóns Árnasonar eftir margar áratuga not og meðan Ís-



lendingasagnaútgáfan frá 1987 er strax farin að sýna á sér elli-mörk.

Varstu alin upp við bóklestur?

Bókum var haldið að okkur systur og við fórum snemma að lesa sjálfar. En þó voru myndir og jafnvel útlit bókana ekki síður áhugamál mitt heldur en textinn. Myndskreytingar Barböru Árnason voru í uppáhaldi hjá mér en ég held að fyrsta bókin sem mér fannst vera mín eigin hafi verið Músin og Mylluhjólið – barnabók með útskornum götum þar sem mýsla skaut inn og út milli blaðsíðna. Bókaheimur bernskunnar náði yfir íslenskar þjóðsögur, Grimmsævintýri og sögur H. C. Andresens. Svölitið eldri ferðaðist ég með á baki gæsasteggs Selmu Lagerlöf yfir köflótt akurlendi þéttbýlis og húkti á þilfari Óðysseifs þegar sýrenurnar voru að seyða hann til sín og leitaði með Nasareddin að húslyklunum í ljósinu frá götuluktinni og labbaði á eftir asna Esóps yfir steinhlaðnar brýrnar. Í gegnum þá tvo síðarnefndu höfunda kynnist ég Súfismanum án þess að vita það. En jafnframt sé ég nú að boðskapurinn í Kvöldvökum Hannesar biskups að velja skyldi uppbyggilegar dæmisögur um dýr og velgjörðir manna fyrir börn og taka slíkar sögur fram yfir grófar ýkjúsögur af tröllum og furðuskepnun og manndrápsgröbb víkinganna hafði haft áhrif á bókmenntaheim minnar kynslóðar og framboð lesefnis.

En hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Mig langar enn að „detta í bók“ eins og það var kallað þegar söguþráðurinn verður svo grípandi að maður stelst inn í uppáhalds hægindastólinn sinn, gleymir uppþvottinum og öðrum verkefnum dagsins og leyfir sér að hverfa inn í söguna í bókstaflegri merkingu. En með aldrinum varð ég kræsari með innihaldið og lagði til dæmis krimmana til hliðar því að ofbeldið höfðu ekki til mín – heldur var það ráðgátan en hún er erfiðari í meðförum fyrir höfundinn og góðar bækur af

því tagi sjaldgæfar núna. Ég les mikið á ensku og stundum finnst mér gaman að þýða texta. Ekki vegna þess að ég sé natin við að finna íslensk orð, það er fyrir vísnaðmiðina, heldur til að ná skilningi á hugsuninni og fræðast. Með aldrinum finnst ég líka meiri samkennd með gamaldags „ættarsögum“ þar sem höfundar fjalla um kynskóðir sem taka við hver af annarri af því að ég sé þetta gerast í kringum mig.

Áttu þér uppáhaldshöfundar?

Ellis Peters sem skrifaði níttján sakamálasögur um velska munkinn Cadfael sem hún staðsetti í tíma á tólföld öld voru mínar uppáhalds afþreyingarbækur. Það kemur einkum til af tvennu. Hún var flínk að flytja lesanda sinn inn í það umhverfi sem hún lýsir og gagnþekkir og vefur sagnfræðilegar upplýsingar svo snildarlega inn í atburðarásina ásamt því landfræðilega og pólitíkska umhverfi sem sögurnar byggja á. Endirinn hjá Ellis er þó alltaf fyrirjáanlegur – ástin og það góða sigrar. Af eldri íslenskum höfundum myndi ég tilnefna Jón Trausta svölitið af sömu ástæðum þótt hann sé töluvert raunsærri hvað örlög mannanna snertir.

Hefur bóklestur rænt þig svefni?

Það gerir saga með spennandi atburðarás en kvikmyndir og þættir hafa þó yfirtekið það hlutverk að verulegu leyti.

En að lokum Hildur: Hvernig rithöfundur ert þú sjálf?

Ég hef oft velt þessu fyrir mér: Af hverju er maður að skrifa. Ljóðformið er ekki mitt heldur fremur myndin. Ég hef skrifað bækur um jurtir, sögu þeirra og not, Kvennafrídaginn og biskupsfrúrnar í Skálholti. Ég geri þetta til að grafa fram og varðveita fróðleik sem mér finnst gagnlegur og þess virði að honum sé haldið á lofti. Öðrum finnst auðveldara eða skemmtilegra að gera slíkt í skáldsöguformi eða með því að segja sína eigin sögu.

Ritstjórn Lestrarhestsins er í höndum Jóns Özurar Snorrasonar.

DEWALT®Sérfræðingur frá DeWalt á staðnum
fimmtudaginn 28. apríl Austurvegi 69 Selfossi**HÖRKUTÓL Á TILBOÐI****TILBOÐ****SKRÚFVÉL 18V**

DCF887 skilar 205Nm herslu, allt að 3.250 snúninga á mínútu og 3.800 högg á mínútu. Með þrjá hraða á herslustingar geturðu haft fulla stjórn á óteljandi festingum. Stök vél.

vnr 94DCF887N

19.900 m/vsk

Fullt verð 29.900

**TILBOÐ****BORVÉL OG SKRÚFVÉL POWERSTACK**

Borvél og skrúfvél saman í setti
2 stk Powerstack rafhlöður
Hleðslutæki og Tstak taska

vnr 94DCK2062E2T

69.900 m/vsk

Fullt verð 84.900

**TILBOÐ****SLÍPIROKKUR MEÐ AFSOGI**

Hraðastilltur slípirokkur tengjanlegur við ryksugu. 125mm turbo bollaskífa, handfang og hlíf fyrir ryksugu fylgir.

vnr 94DWE4257KT

54.900 m/vsk

Fullt verð 71.111

**TILBOÐ****VELTISÖG 305MM**

Veltisögin kemur með 305 mm blaði og 2000W mótör. Hægt er að snúa borðinu við og gera hana af borðsög.

vnr 94D27107

189.900 m/vsk

Fullt verð 223.510

**TILBOÐ****LÍNULASER 360° GRÆNN 12V**

Grænn geisli.
4 X sjáanlegri en rauður geisli.
3 X 360°.
Vatns og rakavarinn IP65.
Prófaður fyrir 2m fall.
12V 2.0 Ah Rafhlaða.
og hleðslutæki.

vnr 94DCE089D1G

79.900 m/vsk

Fullt verð 104.900

**TILBOÐ****HLEÐSLUSETT 6 VÉLAR**

Allt kolalaus verkfæri.
Fjölnota sög
Hjólsög
Slípirokkur
Borvél
SDS+ Borvél
Skrúfvél
Hleðslutæki
3x Rafhlöður 18V 5Ah.

vnr 94DCK685P3T

189.900 m/vsk

Fullt verð 229.900



ATVINNA

Sérverslun á Selfossi óskar eftir starfskrafti í sumarafleysingar.

Umsóknnum má skila á skrifstofu Dagskrárinnar, Eyravegi 25, Selfossi, merkt AFGREIÐSLU-STARF eða í tölvupósti á netfangið dfs@dfs.is



Framlagning kjörskrár vegna sveitarstjórnarkosninga þann 14. maí 2022.

Kjörskrá, vegna sveitarstjórnarkosninga þann 14. maí n.k., liggur frammi á skrifstofu Bláskógabyggðar öllum almenningi til sýnis á almennum skrifstofutíma frá og með 23. apríl 2022. Almennur skrifstofutími er frá mánudegi til fimmtudags kl. 8:30 til 16:00 og á föstudögum frá kl. 8:30 til 12:30. Kjörskráin mun liggja frammi til kl. 12:30 föstudaginn 13. maí 2022

Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Bent er á upplýsingavef <http://www.kosning.is> en þar er að finna hagnýtar upplýsingar um framkvæmd kosninganna. Þar geta kjósendur einnig kannað hvar þeir eru á kjörskrá á vefslóðinni <https://www.skra.is/thjonusta/einstaklingar/kjorskra-og-kosningarettur/>

Þetta er ekki boðlegt

Ása Berglind
Hjálmarsdóttir
oddviti H-lista



Hrönn
Guðmundsdóttir
oddviti B-lista



Á fundi fjölskyldu- og fræðslunefndar Ölfuss sem haldinn var 7. apríl sl. voru m.a. teknar fyrir tillögur frá Sjálfstæðisflokki sem snúa að mótun stefnu sveitarfélagsins Ölfuss í málefnum eldri borgara, stöðu fólks með fötlun og hugmyndafræðilegum undirbúningi að nýjum leikskóla í Þorlákshöfn.

Allt eru þetta verkefni sem löngu eru tímabær og eðlilegt er að taka fyrir á þessum vettvangi en bara alls ekki á þessum tímapunkti þegar örfáir dagar eru til sveitarstjórnarkosninga. Í þessu sambandi má nefna að ætlun meirihluta Sjálfstæðisflokks er

sú að drög að stefnu í öldrunarmálum í sveitarfélaginu verði tilbúin eigi síðar en 29. apríl n.k. en engin vinna hefur farið fram til þessa. Í fundargerðinni kemur fram að byrjað verði á nýjum leikskóla í Þorlákshöfn innan fárra vikna og það jafnframt opinberað að engin stefnumótandi vinna hafi farið fram vegna hans. Það er reyndar mjög sérstakt að ekki liggi margra mánaða, jafnvel ára vinna að baki þar sem Sjálfstæðisflokkurinn lýsti því yfir þegar Leikskólinn Bergheimar var einkavæddur að fulltrúar flokksins væru ekki sérfræðingar í rekstri leikskóla. Þá á einnig að keyra í gegn fyrir sveitarstjórnarkosningar stefnumótandi vinnu vegna málefna fatlaðs fólks í sveitarfélaginu.

Eins og fram kemur í bókun með tillögnum getur bæjarstjórn skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum en umbod slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar. Næsti bæjarstjórnarfundur verður haldinn 28. apríl n.k. og fyrst að honum loknum gætu þessar nefndir mögulega tekið til starfa, rúm-

um tveimur vikum fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Hinn eðlilegi farvegur er að ákvarðanir um aðgerðir og framkvæmdir séu teknar í kjölfar mótaðrar stefnu en ekki öfugt. Það er í besta falli vanmat á þessum verkefnum að ætla að hægt sé að móta stefnur á svo stuttum tíma í samráði og samtali við alla hagaðila.

Annað er að þessi ákvörðun á þessum tímapunkti felur í sér mikla vanvirðingu við það fólk sem nýtir þá þjónustu sem um ræðir og á skilið að vandað sé til verka sem og það fólk sem sæti hefur tekið á listum, öðrum en Sjálfstæðisflokks, fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Þá skýtur það einnig mjög skökku við að meirihluti Sjálfstæðisflokks hafi flotið stefnulaus allt þetta kjörtímabil í þessum stóru, viðkvæmu og mikilvægu málaflokkum. Hvernig stendur á því að tíminn hefur verið jafn illa nýttur sem raun ber vitni?

Vöndum vinnubrögðin, sýnum sanngirni og heiðarleika og vinnum saman að þessum framfarumálum eftir kosningar. Þetta er ekki boðlegt.

Af hverju setja sveitarfélög fé og tíma í skipulagsvinnu og fara fram á það sama af framkvæmdaaðilum?

Árni Eiríksón

skipar 1. sæti á Framfaralistanum í Flóahreppi



fengið samþykki ráðherra er það orðið stefnumarkandi plagg sem sveitarstjórn og íbúum ber að fara eftir við sínar skipulagsákvæðanir.

Deiliskipulagsgerð

Gerð deiliskipulags er á hendi landeigenda en ekki er gerð krafa um það þegar um minniháttar framkvæmdir er að ræða, en hyggi fólk á stærri framkvæmdir eða verulega uppbyggingu er um að gera að fara sem fyrst í gerð deiliskipulags og láta þar alla uppbyggingu koma fram sem hugur fólks stendur til að ráðast í. Framlagt skipulag fer svo í ferli auglýsinga og umsagna þar sem bæði nágrönnum og opinberum aðilum er kynnt málið sérstaklega og kallað eftir viðbrögðum þeirra. Komu upp sú staða að heimildir innan skipulags gangi lengra en heimildir aðalskipulags leyfa er hægt að óska breytinga á aðalskipulagi sem, sé hún samþykkt, fær þá sömu málsmeðferð og gerð aðalskipulags hvað varðar kynningu svo allir séu meðvitðir og geti komið ábendingum á framfæri. Að eiga tilbúið skipulag af landi flýtir mjög allri málsmeðferð hjá byggingafulltrúa þegar kemur að framkvæmdum þar sem allri kynningu er lokið á fyrri stigum og ljóst hvað má byggja.

Afmörkun lands/ lóðablöð

Á undanförunum árum hefur sem betur fer fjölgað mjög lóðum

og lendum sem hafa verið hnitsettar og fengið sín mörk þinglýst samkvæmt því, en þó er enn talsvert ógert í því og ástæða til að hvetja landeigendur til að láta vinna fyrir sig lóðablöð sem svo fá uppáskrift eigenda aðliggjandi lenda. Þetta er vinna sem skilar sér til framtíðar varðandi breytingar á landnotkun eða möguleg eigendaskipti.

Flóahreppur rekur ásamt fimm öðrum sveitarfélögum UTU, Umhverfis og tæknisvið uppsveita, sem annast skipulags- og byggingamál á svæðinu. Þar starfar hópur fólks með breiða fagþekkingu í málaflokkunum sem nýtist svæðinu vel. Sveitarfélögin eiga hvert sinn fulltrúa í skipulagsnefnd sem fundar aðra hverja viku og fer yfir mál sem þarfnast afgreiðslu og sendir sínar niðurstöður til fullnaðar afgreiðslu á sveitarstjórnir sem eiga lokaorðið í þessum málum.

Framfaralistinn hvetur þá sem hyggja á framkvæmdir til að hefja skipulagsvinnu svo fljótt sem mögulegt er þar sem allar viðbætur eða breytingar á áður samþykktu skipulagi taka tíma. Eins hvetur Framfaralistinn íbúa til að fylgjast með og kynna sér auglýstar breytingar á skipulagi og koma á framfæri ef þeir hafa athugasemdir eða ábendingar um eitthvað sem betur mætti fara. Einnig er fáséð að send sé hvatning til skipulagsaðila en er ánægjulegt þegar slíkt gerist.

Listasýning

Verið hjartanlega velkomin á listasýninguna okkar í Sundhöll Selfoss sem opnar þriðjudaginn 26.apríl n.k.

Verkin á sýningunni eru öll sjálfsmyndir sem nemendur í 1.bekk í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, Sunnulækjarskóla, Stekkjaskóla og Vallaskóla hafa unnið í myndmennt í vetur.

Við vonum þið njótið vel.

Kær kveðja 1.bekkingar í Sveitarfélaginu Árborg.

Hringferð **SA** 2022 → **Selfoss** → 18. maí, **Hótel Selfoss**, kl. 9:30

Fyrirtækin okkar og framtíðin

Í maí fundum við með félagsfólki SA um allt land. Ræðum efnahagsmálin, komandi kjaraviðræður og það sem þér finnst skipta máli.

DAGSKRÁ HVERS FUNDAR

Fyrri hluti → Sérfræðingar SA kynna stöðu efnahagsmála og eiga vinnufund með félagsmönnum til að fá þeirra innlegg í komandi kjaraviðræður.

Síðari hluti → Fræðsla til félagsmanna um starfsmanna- og kjaramál. Sérfræðingar vinnu- markaðssviðs SA fara yfir starfsmanna- og kjaramál sem félagsmenn óska eftir að tekin verði fyrir og skipta fyrirtækin okkar máli.

DAGSKRÁ

5. maí → Borgarnes

11. maí → Ísafjörður

12. maí → Akureyri

17. maí → Vestmannaeyjar

18. maí → Selfoss

25. maí → Egilsstaðir

31. maí → Reykjavík

Fleiri fundir
auglýstir síðar.

Nánari upplýsingar um
fundina og skráningu
má finna á **sa.is**.





Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022

--- § § § § ---

Auglýsing þessi er jafnframt tilkynning til umboðsmanna lista í samræmi við 7. mgr. 69. gr. sbr. 55. gr. laga um kosningar nr. 112/2021.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, á sjúkrastofnunum og fangelsum í umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi, fer fram sem hér segir:

Selfoss og nágrenni:

Fangelsið Sogni í Ölfusi, mánudaginn 2. maí kl. 14:00 – 15:00.
Sólheimar í Grímsnesi, miðvikudaginn 4. maí kl. 13:00 – 14:00.
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, sjúkra- og hjúkrunardeildir föstudaginn 13. maí 10:00 - 12:00.

Eyrbakk:

Dvalarheimilið Sólvellir, þriðjudagurinn 3. maí kl. 14:00 – 15:00.
Fangelsið Litla-Hrauni, þriðjudaginn 3. maí kl. 10:00 – 11:00.

Hveragerði:

Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hverahlíð 20, þriðjudaginn 10. maí kl. 09:30 – 11:30.
Heilsustofnun NLF föstudaginn 6. maí kl. 13:00 - 14:00.

Hella:

Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili, mánudaginn 2. maí kl. 10:00 - 11:00.

Hvolsvöllur:

Kirkjuhvoll, hjúkrunar- og dvalarheimili, mánudaginn 2. maí kl. 13.00 - 14:00.

Vík:

Hjallatún, dvalarheimili, þriðjudaginn 3. maí kl. 10.30 - 11:30.

Kirkjubæjarklaustur:

Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili, þriðjudaginn 3. maí kl. 15.00 - 16:00.

Höfn:

Skjólgarður, dvalarheimili miðvikudaginn 4. maí kl. 13:00 - 14:00.

Atkvæðagreiðslan er einungis ætluð þeim sem dvelja á viðkomandi stofnunum.

--- § § § § ---

Áfram er kosið á skrifstofum embættisins alla virka daga milli kl. 09:00 og 15:00.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 12. maí n.k. Umsókn skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjóсандans. Umsóknareyðublað er hægt að nálgast hjá embættinu og á www.kosning.is og skal sent á netfangið sudurland@syslumenn.is eða afhent á skrifstofu.

Bent er á vefsíðurnar www.syslumenn.is og www.kosning.is, þar sem nálgast má eyðublað og allar nauðsynlegar upplýsingar vegna komandi kosninga.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Farsæll meirihluti í Árborg 2018 - 2022

Sigurjón Vídalín Guðmundsson,

skipar 2. sæti á S-lista Samfylkingarinnar í Árborg.



Þegar núverandi meirihluti Á, B, M og S-lista tók við stjórn Sv. Árborgar fyrir 4 árum voru uppi háværar raddir sem töldu að það myndi aldrei ganga upp að fjögur framboð gætu unnið saman í 4 ár. Sérstaklega voru þær raddir háværar úr ranni sjálfstæðismanna, enda höfðu þeir verið með hreinan meirihluta í sveitarfélaginu á árunum 2010 – 2018. Sérstakt var að hlusta á bæjarfulltrúa minnihlutans ítrekað tala niður meirihlutann vegna þess að hann væri samsettur úr 4 stjórnmálahreyfingum eins og það væri eitthvað óeðlilegt að svo margir gætu unnið saman að sameiginlegum verkefnum fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Ég hins vegar taldi frá byrjun að einmitt vegna þess að þessi fjögur framboð sammæltust um að nálgast verkefnið af ábyrgð og virðingu fyrir hvort öðru þá yrði samstarfið farsælt þótt stundum yrði tekist á eins og við mætti búast. Það varð samt áberandi strax frá byrjun að vilj-

inn til að finna lausnir og miðla málum var hafður í öndvegi og því varð samstarfið jafn hnökra-laust og raun ber vitni.

Það er mín sannfæring að það sé ekki nokkrum stjórnmálaflokki hollt að vera með hreinan meirihluta. Þó það líti kannski vel út á pappír þá skapar það fleiri vandamál en það leysir. Það myndast ákveðinn umboðsvandi hjá þeim sem sitja í einföldum meirihluta vegna þess að þá þarf ekki samþykki annars stjórnmálafafls og því meiri hætta á að keyrðar séu í gegn ákvarðanir sem koma sér vel fyrir fáan á kostnað allra annarra íbúa sveitarfélagsins. En það eru einmitt allir íbúar sveitarfélagsins sem kjörnir fulltrúar og þar með meirihlutinn eiga fyrst og síðast að vinna fyrir.

Einfaldur eða samsettur meirihluti?

Einfaldur meirihluti er í raun einræði og undir einræði liður spillingunni best. Stórir hagsmunaaðilar sem eiga sterk ítök í stjórnmálaflokkum sem ná einræðisvaldi koma sér þannig í kjörstöðu til að fá sínum málum framgengt umfram aðra. Þessir hagsmunaaðilar eru oft tilbúnir að ganga mjög langt í því að tryggja sínu stjórnmálafafl fylgis með það í huga að ná sem

sterkustu ítökum í stjórn sveitarfélagsins í gegnum kjörnu fulltrúana sína. Þessir hagsmunaaðilar eyða því oft miklum fjármunum og tíma í viðleitni sinni við að tryggja „réttu“ flokknum völdin.

Það liggur í hlutarins eðli að samsettur meirihluti er lýðræðislegri en meirihluti eins stjórnmálafafls. Í samsettum meirihluta heyrast fleiri ólík sjónarmið og málefnaleg umræða um hin ýmsu mál sem þarf að taka ákvarðanir um verður dýpri en ef ákvarðanir eru teknar af einsleitum hópi innan eins stjórnmálafafls. Samsettur meirihluti er líka líklegri til að standa gegn hagsmunapot og þrýstingi stórra hagsmunaaðila eins og dæmin sanna.

Kjóstu með lýðræðinu!

Við í Samfylkingunni eru tilbúin að vinna áfram fyrir alla íbúa sveitarfélagsins og göngum bjartsýn til kosninga. Bjartsýn á að íbúar sveitarfélagsins kunni að meta fyrir hvað við höfum staðið á kjörtímabilinu og muni veiti okkur brautargengi til áframhaldandi starfa í þágu hagsmuna allra íbúa í bæjarstjórn Árborgar með því að setja X við S þann 14. maí nk.

Mörg og fjölbreytt verkefni

Björn Kristinn Pálmarsson,

2. sæti E-listans í Grímsnes- og Grafningshreppi



Í sveitarstjórnarkosningunum Árið 2018 bauð E-listinn fram í Grímsnes- og Grafningshreppi í fyrsta skipti. Listinn náði fjórum fulltrúum kjörnum og hefur því setið í meirihluta í sveitarstjórn á þessu kjörtímabili. Á þessum fjórum árum hafa verkefnin verið mörg og fjölbreytt. Þar hafa umhverfismál, lýðheilsu-mál og skipulagsmál verið ofarlega á baugi, ásamt því að unnið hefur verið að því að efla innviði og almenna þjónustu við íbúa sveitarfélagsins. Skipulagsmálin hafa verið fyrirferðarmikil, en ásamt því að ljúka heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins þá hefur deiliskipulagið á Borg verið uppfært og hafin er vinna við deiliskipulag fyrir athafnasvæði sunnan við Borg.

Deiliskipulag fyrir yndisskóg ofan við byggðina á Borg var klárað og byrjað er að vinna að uppbyggingu á honum, en yndisskógurinn er samstarfsverkefni sveitarfélagsins, Kerhólsskóla og Skógræktarfélags Grímsneshrepps. Yndis-

skógurinn, sem er hugsaður sem svæði til yndisauka og heilsueflingar íbúa og annarra sem vilja njóta svæðisins, er sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi þar sem skógur er ræktaður frá grunni og skipulagður með tililiti til trjátegunda, hlutfalla og innviða.

Í september árið 2020 gerðist sveitarfélagið formlega aðili að Heilsueflandi samfélagi, en meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að vinna með markvissum hætti að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífn-aðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Ýmis skref hafa verið stigin til þess að uppfylla þessi markmið, en ásamt því að koma á fót yndisskógi hefur göngustígakerfið í þéttbýlinu á Borg verið eflt til muna og ráðinn hefur verið Heilsu- og tómstundafulltrúi. Tómstundastyrkur sveitarfélagsins var hækkaður og honum breytt í lýðheilsu- og tómstundastyrk sem ætlaður er börnum á aldrinum 5-18 ára og eldri borgurum 67 ára og eldri, en þannig hefur hann nýst mörgum eldri borgurum vel í slitgigtarskóla sem starfræktur hefur verið í íþróttamiðstöðinni við góðar undirtektir.

Í upphafi kjörtímabilins var settur á laggirnar stýrihópur

um sorpmál sem hafði það meginverkefni að bæta flokkun og stuðla að betri þjónustu og betra aðgengi í sorpmálum í sveitarfélaginu. Meðal þess sem hefur gerst í sorpmálunum síðan er að öllum íbúum voru skaffaðar tunnur undir lífrænan úrgang sem er nú safnað sérstaklega og unnin úr honum molta. Þá voru settar upp grenndarstöðvar fyrir heimilis-sorp á tíu stöðum í sveitarfélaginu sem nýtast sumarhúsa-eigendum jafnt sem íbúum til þess að losa sig við heimilissorp á ábyrgan hátt í sjó mismunandi flokka. Þessar aðgerðir höfðu það í för með sér að endurvinnsluhlutfall heimilissorps í sveitarfélaginu margfaldaðist, og á sveitarfélagið nú í fyrsta skipti raunverulegan möguleika á því að ná þeim markmiðum sem sett eru fram af löggjafanum um hlutfall sorps sem fer í urðun eða brennslu.

Þetta eru aðeins nokkur af þeim verkefnum sem unnið hefur verið að á kjörtímabilinu, en fólkið sameiginlegt að hafa metnað og vilja til þess að vinna áfram að mikilvægum málum í þágu samfélagsins. Við vonumst til þess að íbúar sveitarfélagsins veiti okkur umboð til þess að halda áfram að gera gott samfélag enn betra.

Skannaðu kóðann
& skoðaðu blaðið



www.byko.is

GLEÐILEGT SUMAR

SAMAN Í
60 ÁR

BYKO

Auglýsing um kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga



Kjörskrá fyrir Hveragerði vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram eiga að fara 14. maí 2022 liggur frammi á skrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20 frá og með 25. apríl 2022.

Skrifstofan er opin mánudaga-fimmtudaga kl. 10:00-15:00 og föstudaga kl. 10:00-12:00.

F.h. bæjarstjórnar Hveragerðis,
Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri

Aðalfundarboð

Aðalfundur Skógræktarfélag Selfoss verður miðvikudaginn 27. apríl kl 20:00 í austurrými Sólvalaskóla (gengið inn frá Engjavegi).

Á dagskrá verða:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kynning á aðalskipulagi og mögulegri stækkun skógræktarsvæðis

Allir eru velkomnir.

1952



Útboð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Laugarvatn - Grasslattu

Verkið felur í sér grasslátt á Laugarvatni. Slá skal grassfleti fyrir Bláskógabyggð, Menntaskólann Laugarvatni og íþróttaskólann samanber útboðslýsingu.

Helstu magntölur eru:

Grasslattu samtals

97.000 m²

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 2. maí 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Eggert hjá eflu Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið eggert.sveinsson@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 10:30 fimmtudaginn 12. maí og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Bláskógabyggðar



Magnaðar menntastofnanir í Hveragerði

Sigmar Karlsson

5. sæti D-listans í Hveragerði



Metnaðarfullt starf er innt af hendi í menntastofnunum Hveragerðisbæjar þar sem vel ferð nemenda er ávallt höfð í forgrunni. Nýlegar niðurstöður Gallup sýna að almenn ánægja ríki meðal bæjarbúa þegar litið er til skólamála, en ánægja með þjónustuna mælist yfir landsmeðaltali bæði á leik- og grunnskólastiginu og er okkar markmið að gera enn betur. Frambjóðendur D-listans í Hveragerði ganga inn í komandi kosningabaráttu stoltir af skólunum okkar og því góða starfi sem þar er unnið en á sama tíma er mikill vilji til þess að styðja enn frekar við þeirra starf og gera enn betur á sviði menntamála.

Áfram uppbygging

Það er krefjandi verkefni að sjá til þess að uppbygging innviða sé í takti við þá íbúafjölgun sem á sér stað og ólíkar þarfir íbúanna hverju sinni. Í Hveragerði hefur íbúafjölgun verið mikil og hefur bæjarfélagið á undanföllum árum, undir stjórn D-listans, staðið sig vel í uppbyggingu menntastofnana. Þar má til dæmis nefna glæsilega uppbyggingu leikskólans Undralands, nýjar kennslustofur við leikskólann Óskaland og nýjustu viðbygginguna við grunnskólann. En betur má ef duga skal! Bæjarfélagið má ekki sofna á verðinum í þessum eignum og þess vegna er ráðgert að halda áfram uppbyggingunni með nýrri viðbyggingu við leikskólann Óskalandi en framkvæmdir við hana munu

hefst í vor. Einnig er búið að ákveða að byggður verði nýr sex deilda leikskóli í Kambalandi en sú framkvæmd verður boðin út síðla árs. Einnig er unnið að hönnun tveggja viðbygginga við grunnskólann og gert er ráð fyrir að á næsta ári hefjist framkvæmdir við þá fyrri.

Tækifæri í uppbyggingu

Það er spennandi verkefni að byggja upp menntastofnanir bæjarins og í því felast mikil tækifæri. Í nýrri viðbyggingu við Óskaland og í grunnskólanum býður húsnæðið upp á aukna áherslu á sérfræðiþjónustu og sér- og stuðningsúrræði fyrir nemendur ásamt bættari aðstöðu fyrir starfsfólk. Í skóla margbreytileikans eru þarfir nemenda ólíkar og þess vegna leggur D-listinn áherslu á að í ríkum mæli verði leitast við að koma til móts við þarfir nemenda þar sem lögð verður áhersla á snemmtæka íhlutun. Nýjar byggingar bjóða upp á nýjar áherslur og í því samhengi má meðal annars nefna að auknir fjármunir hafa verið lagðir í innleiðingu á stafrænni tækni í námi og kennslu í grunnskólanum. Vilji D-listans er að sú innleiðing haldi áfram skólastarfinu til heilla.

Starfsfólkið er lykillinn

Uppspretta árangurs í skólastarfi er starfsfólkið og samvinna þeirra við nemendur og foreldra. Í Hveragerði búum við vel þar sem innan skólanna starfar stór hópur starfsfólks sem byggir starf sitt upp af mikilli fagmennsku þar sem nemandinn og hans þarfir eru hafðar í forgrunni. Í takti við nýsamþykktu skólustefnu bæjarins vill D-listinn á komandi kjörtímabili búa starfsfólki skólanna góð vinnuskilyrði og leggja aukna áherslu á

starfsþróun kennara og annarra starfsmanna.

Framúrskarandi frístundastarf

Fjölbreytt félags- og tómstundastarf er starfrækt fyrir börn og unglinga í Hveragerði. Frístundamiðstöðin Bungubrekkka hefur fest sig í sessi á undanföllum árum sem ein fremsta stofnun landsins á þessu sviði. Önnur sveitarfélög horfa til Hveragerðis í þessum eignum. D-listinn vill tryggja að Bungubrekkka geti haldið áfram að vaxa og dafna fyrir börnin í bænum.

Gjaldfrjáls leikskóli í desember

Frambjóðendum D-listans list vel á þær hugmyndir sem komið hafa fram hjá forsætisráðherra landsins að leikskólaganga barna í landinu ætti með réttu að vera gjaldfrjáls. Það liggur hins vegar fyrir að sveitarfélögin geta ekki staðið undir þeim kostnaði ein og sér og þess vegna þarf ríkið að stíga inn með afgerandi hætti eigi þeir draumar að verða að veruleika. D-listinn í Hveragerði vill taka skref í átt að gjaldfrjálsum leikskóla. Nái D-listinn meirihluta í komandi bæjarstjórnarkosningum í Hveragerði verður desembermánuður þegar í stað með öllu gjaldfrjáls á leikskólum bæjarins. Þetta viljum við gera til þess að koma til móts við barnafjölskyldur á tímum sem reynast oft fjárhagslega erfiðir á heimilum bæjarbúa.

Búum vel að framtíð bæjarins.

Vinum áfram saman og setjum X við D þann 14. maí.

Höfundur er stoltur af því að vera grunnskólakennari og situr í 5. sæti D-listans í Hveragerði í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Hugleiðingar um heilbrigðismál í Árborg í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga

Marianne Brandsson – Nielsen

Í 13. sæti á lista Framsóknar



Ég er sérfræðingur í heimilislækningum og hef starfað sem slík á Selfossi, Hólmavík, Vík, Hveragerði og víða erlendis. Daglega eru sagðar fréttir af gífurlegu álagi á Landspítala. Langur biðtími er á bráðamótöku og löng bið eftir aðgerðum á spítalanum. 100 innliggjandi sjúklingar á Landspítala bíða eftir plássi á hjúkrunarheimili. Nýr forstjóri Landspítalans, Runólfur Pálsson, hefur sent út ákall um að heilsugæslustöðvar og aðrar stofnanir hlaupi undir bagga til að draga úr álagi spítalans.

Nú er lag. Mikilvægt er að Sveitarfélagið Árborg bregðist við og leggi áherslu á að efla Heilbrigðisstofnun Suðurlands enn frekar, til viðbótar því sem gert hefur verið á síðustu misserum. Sérfræðilæknum hefur fjölgað. Má þar nefna, bráðalækni og geðlækni. Í haust er væntanlegur öldrunarlæknir og annar krabbameinslæknir í hlutastarf, einnig hefur verið ráðinn nýr barnalæknir og svo kvensjúkdómalæknir. Þetta er góð þróun.

Minn vilji er að lögð verði áhersla á að íbúar á Suðurlandi fái fjölbreyttari þjónustu í heimabyggð. Til þess þarf að taka skurðstofu í notkun á ný svo hægt verði að veita þá þjónustu að sjúklingur geti farið í aðgerð að morgni og farið heim í lok dags. Má þar nefna æða-

hnúta- kviðslit- axlaaðgerð og fleira. Ég vil að fæðingardeildin verði eflað. Þar starfa öflugar og færar ljósmæður og annað starfsfólk. Í dag er konum ekki boðið að fæða á HSU nema allt sé eðlilegt. Því vil ég að verði breytt.

Því miður er langur biðtími til að fá viðtal við heimilislækni. Með öllum ráðum verður að breyta því. Í mínum huga er áriðandi að skjólstæðingar séu skráðir hjá sínum heimilislækni og eigi skjótan og greiðan aðgang að honum sem hann er búinn að byggja upp traust við.

Heilsugæslustöðvarnar eru fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu og því er svo mikilvægt að hlúa vel að þeim.



XD

Árborg okkar allra
þar sem þú skiptir máli

**D-listinn býður fram
öflugt fólk til forystu í
Sveitarfélaginu Árborg.**

WWW.XDARBORG.IS

fastus.is

KAFFIVÉLAR SEM HENTA ÞÍNUM REKSTRI GOTT KAFFI KÆTIR

**BRAVILOR
BONAMAT**



Bravilor TH
Frábær uppáhellingarvél
með vatnstanki.



Bravilor THa
Frábær uppáhellingarvél
með vatnstengi.



Bravilor Sprso
Handhæg og öflug baunavél
sem hentar smærri fyrirtækjum.

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra,

Guðmundar Kristinssonar,
 rithöfundar og fyrrverandi
 aðalféhirðis Landsbanka Íslands
 á Selfossi
 Bankavegi 2
 Selfossi

Sérstakar þakkar til starfsfólks Fossheima fyrir kærleiksríka umönnun og hlýtt viðmót.

Fyrir hönd aðstandenda,
 Sigfús Kristinsson



Eldra fólk vill hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi

Opið hús í Grænumörk fimmtudaginn 28. apríl 2022 kl. 14:45

Félag eldri borgara á Selfossi boðar til kosningafundar

Opið hús með frambjóðendum í Árborg til bæjarstjórnar, (vegna kosninganna 14. maí nk.) Hverju framboði verður úthlutað 5 mínútum í kynningu, dregið verður um röð frummælenda. Gestum í Opnu húsi verður boðið að bera upp stuttar spurningar eftir kynningu. Áætlað er að fundurinn standi í ca. klukkustund.

Í boði er kaffi og með því á 1000 krónur eða molasopi á 200 krónur.

Fjölmennum – og höfum áhrif.

Eflum heilsu og aukum lífsgæði

Emil Karel Einarsson

frambjóðandi í 7. sæti á B lista Framfarasinna í Ölfusi



Kæru íbúar Ölfuss!
 Áf áhuga fyrir jákvæðri þróun samfélagsins okkar hef ég ákveðið að bjóða fram krafta mína fyrir XB lista Framfarasinna í komandi sveitarstjórnarkosningum. Ég útskrifaðist með meistaraþráðu í sjúkrahjálfun árið 2021 frá Háskóla Íslands og starfa í dag sem sjúkrahjálfari. Einnig leik ég körfubolta með Þór Þorlákshöfn og hef verið fyrirliði liðsins frá árinu 2014. Ég er 28 ára fæddur og uppalinn Þorlákshafnarbúi og þekki því samfélagið vel. Við litla en stækkandi fjölskyldan höfum fjárfest í íbúðarhúsnæði í Þorlákshöfn sem við fluttum nýlega í og hérna ætlum við að búa.

Bætt lýðheilsa blómlegra samfélags

Almennt tel ég að Íslendingar og þar með við íbúar Ölfuss séum vel meðvituð um mikilvægi heilbrigðra lífnaðarháttanna. Það má hins vegar aldrei slaka á í þessum efnum og markmiðið er að allir séu meðvitaðir um þetta mikilvægi og hafi kost á því að uppfærðast og taka þátt í samfélagslega skipulögðu starfi sem snýr að lýðheilsu. Ég hef mikinn áhuga á þessu viðfangsefni og hef hug á því að þróa og efla starf í Ölfusi sem snýr að betri

lýðheilsu og þar með blómlegra samfélagi.

Ég vil hvetja til almennar hreyfingar í samfélaginu fyrir fólk á öllum aldri. Það er mikilvægt að halda áfram að efla yngri flokkastarf í Þorlákshöfn til að börn fái fjölbreytta hreyfingu. Sama gildir raunar fyrir alla aldurshópa og því vil ég bæta úrræði fyrir fólk á miðjum aldri til að stunda hreyfingu, þá sérstaklega eftir erfið Covid ár.

Hreyfiproski barna

Það er mjög mikilvægt að börn fái að kynnast íþróttum og íþróttastarfi snemma á sinni lífsleið. Ung börn eru mjög móttækileg fyrir leiðsögn og þátttöku í íþróttum stuðlar t.d. að eðlilegum hreyfiproska. Þátttöku barna í skipulögðum viðurkenndum íþróttum og tómstundum er ekki síður ódýrasta og öflugasta forvörn sem hvert samfélag getur fjárfest í.

Í dag bjóðum við uppá þátttöku barna frá fjögurra ára aldri í skipulögðu íþróttastarfi, sem er frábært en ég vil ganga enn lengra og innleiða íþróttaskóla fyrir börn innan við 2ja ára, m.a. til að stuðla að eðlilegum hreyfiproska.

Það þurfa að vera jöfn tækifæri fyrir öll börn í okkar samfélagi til að stunda hreyfingu sem hverju og einu barni hentar. Vissulega gæti það þýtt að auka þurfi framboð íþróttagreina en um leið og iðkendum fjölgar verðar til forsendur fyrir meiri fjölbreytileika. Huga þarf snemma að heilbrigðum lífsstíl

og leggja þarf áherslu á að kenna börnum að stunda hreyfingu, frá leikskólaaldri og jafnvel fyrir.

Hreyfifærni á efri árum

Fyrir einstaklinga á eftirlaunum er mikilvægt að halda sér á hreyfingu og því vil ég einbeita mér að sinna því forvarnarstarfi og bæta líkamlega heilsu. Áframhaldandi heilsuefning fyrir eldri borgara með hjálfun er verkefni sem halda verður áfram með og efla. Það er einnig sérstaklega mikilvægt fyrir eldri borgara að stéttir og göngustígar séu í lagi og auðir allan ársins hring. Til að virkja eldri borgara til enn stærri þátttöku í íþróttastarfinu þarf að auka fræðslu um heilsuefningu fyrir þann hóp íbúa. Aðstaðan sem við eigum hérna er svo góð og það er bara samfélagslega bætandi eldri borgarar sækja reglulega sund og aðra líkamsrækt.

Afreksíþróttir og góðar fyrirmyndir

Það eru mikil verðmæti fólgin í því að styðja vel við bakið á afreksíþróttum. Þær krónur sem lagðar eru í afreksíþróttastarf eru ekki bara kostnaður fyrir samfélagið heldur má vel horfa á þær sem fjárfestingu í bættum lífsstíl og eflandi heilsu íbúa. Með þessum hætti mun íþróttalíf í Ölfusi halda áfram að blómstra og börn munu hafa góðar fyrirmyndir til að líta upp til.

Kæru kjósendur, með því að setja X við B á kjördag munuð þið stuðla að eflandi heilsu og bættum lífsgæðum í Ölfusi.

Allt að vinna

Halldór Benjamín Hreinsson,

framkvæmdastjóri og skipar 2. sæti lista Framsóknar í Hveragerði



Í dag er íbúafjöldi Hveragerðis kominn yfir 3000, desember 2018 var íbúafjöldinn 2.625, þannig við erum að tala um ca. 15% aukningu á rúmum þremur árum.

Samhliða mikilli fjölgun stækka verkefnin. Við búumst við að í svo dásamlegum bæ sem Hveragerði er þá mun verða áfram eftirsóknarvert að búa í seilingarfærlægð frá Reykjavík, í nálægð við alþjóðaflugvöll og einstaka náttúru. Við sjáum margar áskoranir við þessa mikla stækkun á stuttum tíma en ekki síst fram á mörg tækifæri til uppbyggingar. Nú þegar er Hveragerði að stækka hratt og hafa ný hverfi verið mótuð og fleiri á leiðinni td. Hólmabrunn, Varmárreitirinn og Kambalandið. Við þurfum að vera í stakk búin til að stækka innviði með þessari miklu fólksfjölgun

í Hveragerði, hvort sem það er leikskóli, grunnskóli, íþróttastarf eða að huga að lífskjörum eldri borgara.

Í vaxandi bæ þarf að huga á atvinnumálum, þó að margir kjósi að vinna í Reykjavík og keyra á milli alla daga þá væri það mikil hagræðing að geta sótt vinnu í Hveragerði. Vinna þarf að fleiri atvinnutækifærum og væri til mikilla hagsbóta að ráða verkefnastjóra atvinnamála sem myndi vinna að því að laða að atvinnufyrirtæki, vinna með einkaaðilum og nýsköpunarverkefnum til að auka atvinnu- möguleika í Hveragerði og leita leiða til að styrkja hugmynda- ríka Hvergerðinga. Með fleiri störfum skapast meiri tekjur til að byggja upp og fjölskyldur sleppa við að sækja vinnu annars staðar. Vinna þessi þarf að vera til framtíðar Hvergerðingum til heilla.

Framsókn leggur áherslu á að vegferð stækkunar sé í samvinnu við íbúa Hveragerðis. Við viljum tryggja opna stjórn- sýslu varðandi málefni bæjarins og taka umræðuna við bæjar-

búa ekki bara fyrir kosningar heldur reglulega. Gaman væri t.d. að hafa íbúaviku reglulega (líkt og kjördæmavika Alþingis) þar sem fyrirtæki eru heimsótt, íbúafundur boðaður og umræður teknar um starfsemi og framtíðaráform bæjarins. Þannig geta þeir sem vilja komið sínum mállefum á framfæri á opnum fundum um það sem brennur á góma hverju sinni.

Nokkrar skemmtilegar lykiltölur frá Þjóðskrá

Fjöldi íbúa í Hveragerði er 3.020

Meðalaldur íbúa 40,1 ára

Elsti íbúinn er 96 ára

Íslenskir ríkisborgarar 93,6% og erlendir ríkisborgarar 6,4%

Konur eru 49,8% íbúa og karlar 50,2% íbúa

Vinsælasta kvenmannsnafnið er Sigríður og karlmannsnafnið er Guðmundur

Framtíðarmöguleikar Hveragerðis eru miklir í hratt stækkandi bæjarfélagi hvort sem það er í uppbyggingu húsnæðis eða atvinnu.

Við vinnum þetta saman!



Árborg – ein heild

Opnunartími kosningamiðstöðvar
okkar í Fagrabæ við Bankaveg:

Virkir dagar 16 – 18

Helgar 11 – 17

Við erum á Facebook:
Vinstri Græn í Árborg

Öll velkomin!



XV
14. maí

OPNUNARHÁTÍÐ

Við opnum kosningaskrifstofuna
fimmtudaginn 28. apríl kl. 17:00

Stefnukynning

Grill

Tónlist

Léttar veitingar

Verið öll velkomin á Austurveg 22!

XS



Skipulagsrölt

Undir handleiðslu Sigurjóns Vídalíns,
formanns skipulags og bygginganefndar.
Létt spjall um skipulagsmál og farið yfir
áherslur í breyttu aðalskipulagi.

Stokkseyri, hittumst við tjaldsvæðið
laugardaginn 30. apríl kl. 13:00

Eyrarbakka, hittumst við bókasafnið
laugardaginn 30. apríl kl. 15:00

Selfoss, hittumst við Stekkjaskóla
þriðjudaginn 3. maí kl. 17:30

XS



Aðstoðarveitustjóri

Bláskógaveita annast rekstur og framkvæmdir við hita- og vatnsveitu Bláskógabyggðar. Veitan tilheyrir framkvæmda- og veitusviði Bláskógabyggðar og er hluti af mikilvægum innviðum í sveitarfélaginu.

Bláskógaveita óskar eftir að ráða til sín öflugan einstakling í starf aðstoðarveitustjóra. Næsti yfirmaður aðstoðarveitustjóra er veitustjóri. Um er að ræða 100% starf, en auk þess þarf aðstoðarveitustjóri að vera tilbúinn að sinna útköllum, komi upp bilanir. Vegna þess þarf starfsmaður að vera búsettur á dreifisvæði veitunnar eða í næsta nágrenni.

Starfssvið aðstoðarveitustjóra:

- Starfar með yfirmanni að daglegum rekstri veitukerfa.
- Starfar með yfirmanni að umsjón og viðhaldi veitukerfa.
- Vinna við nýframkvæmdir við vatnsöflun, veitukerfi og mannvirki þeim tengd.
- Verkstjórn og stýring verktaka við nýframkvæmdir, viðhald og viðgerðir.
- Vinna við fjárhagsáætlanir.
- Ábyrgð á að farið sé eftir viðeigandi reglum um öryggi á vinnustað og að frágangur verka sé með viðeigandi hætti.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi, t.a.m. í málmiðngreinum.
- Reynsla og þekking á sviði veitna og framkvæmda.
- Færni til að stjórna og leiðbeina.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Þekking á áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð.
- Ökuréttindi.
- Suðuréttindi.
- Vinnuvélaréttindi æskileg.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem ástæður umsóknar koma fram og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 15. maí næstkomandi.

Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni.

Umsóknir skulu berast á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristófer Tómasson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar, í síma 480- 3000.

Bláskógabyggð er í uppsveitum Árnessýslu í um 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Íbúar eru um 1.200, en auk þess eru um 2.000 sumarhús í sveitarfélaginu. Innviðir eru góðir og hefur talsverð uppbygging átt sér stað á síðustu árum. Í sveitarfélaginu eru vinsælar náttúruperlur og sögufrægir staðir. Atvinnuvegir eru ferðaþjónusta, landbúnaður, þar með talin garðyrkja, og ýmsar þjónustugreinar. Þéttbýlisstaðir eru Reykholt, Laugarvatn og Laugarás.



Draumlaus maður uppsker aðeins hversdagsleikann

Jón Özur Snorrason

3. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg.



Pétur Már Guðmundsson

6. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg.



Menning er jafn mikilvæg og matur stendur í óskrifadri bók. En til þess að svo verði þarf að metta grunnþarfirnar fyrst. Sjá til þess að allir hafi í sig og á og jafna möguleika. Gæta jafnréttis og réttlætis á öllum sviðum samfélagsins. Þess vegna er öflugt velferðakerfi forsenda öflugs menningarlífs enda hefur menning verið skilgreind sem lífsmynstur heilla samfélaga.

Fárfesting í menningarstarfsemi er einhver sú gjöfulasta og arðvænlegasta fjárfesting sem sveitarfélög geta lagt í. Það hafa til að mynda rannsóknir Ágústar Einarssonar prófessors sýnt. Fjölbreytt menningarstarfsemi eykur lífsgæði fólks og vekur ánægju og gleði, fyllir upp í eyður hversdagsins, dýpkar hugsanir og slær á fordóma.

Menningarstarf er þó að miklu leyti sjálfsprottið og unnið að frumkvæði einstaklinga en slík starfsemi þarfnast velvilja og fjárhagslegs stuðnings opinbera aðila svo hún haldi velli og eflist. Í sveitarfélaginu Árborg er margt vel gert í menningarmálum. Má í því sambandi nefna bæjarhátíðirnar Vor í Árborg og Kótiletuna og ekki síður starfsemi bókasafnsins

sem er menningarstofnun. Enda er gróska á á svæðinu og sprotar víða. Einstaklingar og félög um allar köppagrundir að skapa spennandi verkefni, starfrækja gallerí, halda sýningar, standa fyrir uppákomum, reka markaði, og stuðla að öflugu leikhúslífi og tónlistarstarfi svo nokkuð sé nefnt. Bakkastofa og Bókabæir, Brimrót og Haustgildi, Konubókastofa og kórastarf í margvíslegri mynd og meira að segja skilar starfsemi Gullkistunnar á Laugarvatni sér inn í sveitarfélagið. Samvinna í þessum efnun er lykilorðið og fyrir henni stöndum við í Vinstri grænum.

Það má aldrei líta á menningarmál sem vandamál frekar sem tækifæri til að auðga mannlífið. Sveitarfélög þurfa þess vegna að setja sér markmið og leiðir í menningarmálum. Í því sambandi er hægt að líta til annarra sem hafa náð að merkja sig öflugri menningarstarfsemi eins og Ísafjörð, Seyðisfjörð, Stöðvarfjörð og Akureyri með öflugu starfi Gílfélagsins.

Menningarstarfsemi má heldur aldrei verða of staðbundin. Hún þarf að vera alþjóðleg í hugsun því þá eflist sérstaða hins staðbundna. Skáldsagan af Bjarti í Sumarhúsum er mjög staðbundin saga, bundin íhaldsömu og grimmu bændasamfélagi - en af því að hún er sögð á alþjóðlegan hátt - skilja hana allir hvort sem þeir búa í New York eða á Grenivík. Annað alþjóðlegt ljós á menningarstarfsemi eru styrkveitingar sem mögulegar eru úr erlendum sjóðum. Í gegnum norrænt samstarf er menning studd og styrkt vitandi að fjárfesting í þeirri starfsemi skilar sér margfalt til baka, fjárhagslega en líka

í ímynd, orðspori og lífsgæðum.

Þetta er eitt af því sem við í Vinstri grænum viljum efla í sveitarfélaginu Árborg komumst við til áhrifa. Við myndum byrja á því að skilgreina menningarstarfsemina sem fyrir er, styrkleika hennar og veikleika, sjá í hverju fjölbreytileiki hennar og möguleikar eru fólgnir - og síðan laða að okkur menningartengd verkefni. Árborg þarf því að setja sér markmið og leiðir í menningarmálum, í senn raunhæf og líka óraunhæf (því ekkert fær staðist stóra drauma). Þeir rætast ekki nema menn eigi sér drauma. Draumlaus maður uppsker aðeins hversdagsleikann.

Hér mætti nefna sýningarsal fyrir myndlist, tónleikasál, stærra leiksvið fyrir eitt fremsta áhugleikfélag landsins, myndlistarskóla, listasmiðjur (og ritsmiðjur) fyrir aldræða, fullorðna, grunn- og leikskólanemendur, lista- og bókmenntahátíð, menningarfélag sem hægt væri að stofna og síðast en ekki síst Barnabókastofu - en sveitarfélaginu hefur boðist að reka að hluta slíka starfsemi - í gegnum Bókabæina austanfjalls - með gjöf á stærsta barnabókasafni landsins - en því erindi hefur aldræði verið svarað.

Blásam í lúðra, sláum og strjúkum strengina og klöppum í takt eins og gert er í einum besta tónlistarskóla landsins sem staðsettur er í sveitarfélaginu Árborg. GÖNGUM LENGRA.

Jón Özur Snorrason býr á Sel-fossi og Pétur Már Guðmundsson á Stokkseyri. Þeir skipa 3. og 6. sæti á lista Vinstri grænna í Árborg.

Við eldumst öll

Ingibjörg Marmundsdóttir

á lista Framsóknarmanna og annarra framfarasinna í Rangárþingi eystra



Fyrir tólf árum tók ég fyrst þátt í framboði til sveitarstjórnar í Rangárþingi eystra, áherslumál mitt var þá og er enn málefni eldri borgara. Nú er ég orðin eldri borgari sjálf og er stolt af því. Það er ekki sjálfgefið að ná þessum áfanga í aldri og vera í þokkalegu standi.

Langþráð markmið í málafnum eldri borgara náðist hjá okkur þegar ný álma við Kirkjuhvol var vígð árið 2018. Velvilji samfélagsins til Kirkjuhvols er aðdáunarverður, félagasamtök og einstaklingar styrkja heimilið og gleðja íbúa þess á marga vegu, tónlistarhópar af ýmsum stærðum og gerðum koma í heimsókn, það eru haldnar helgistundir og starfsfólkið leggur sig fram við að

finna alls konar dægrastyttingar. Félag eldri borgara heldur uppi fjölbreyttu félagsstarfi í sýslunni og hafa íbúar Kirkjuhvols nýtt sér það gegnum tíðina eftir getu. Kvenfélögin í sveitarfélaginu eru alltaf á vaktinni gagnvart heimilinu, má þessi Einingarkonur sem ásamt mörgum öðrum velgjörningum, mæta með bros á vörum og blóm í farteskinu á hverju vori til að fegra og skreyta kringum Kirkjuhvol.

Eldri borgarar eru mjög sundurleitur hópur. Árafjöldi er ekki algildur mælikvarði á heilsu fólks eða getu til að meðtaka nýjungar. Tæknin kemur fólki stundum í bobba, það er feimið við að leita sér hjálpar, vill ekki tefja vinnandi fólk! Rafræn skilríki eru orðin lykilli að samskiptum. Bankaviðskipti fara að mestu fram í heima-húsum. Það er liðin sú tíð þegar fólk hittist í bankanum með reikningahrúguna um mánaðamótin og spjallaði yfir kaffibolla. Að verða "ellilífeyrisþegi" getur reynst

mörgum snúið því reglur og vinnubrögð Tryggingastofnunar, ákveðin af ríkisstjórn hverju sinni eru alls ekki auðskilin. Starfslok geta verið erfið, sumir upplifa höfnun meðan aðrir fagna frelsi til að leika sér dálítið. Kjör eldri borgara eru ekki ákveðin á borði sveitarstjórna en sum málefni okkar eru það, því þurfum við öll að fylgjast með og láta sveitarstjórn vita hvað við viljum gera í okkar málefnum. Skerðingar greiðslna almannatrygginga eru kapituli, sem íldregðin eiga að eyða úr sinni sögu. Veitingamaður einn í Reykjavík sem nýlega auglýsti eftir fólki 60+ í hlutastörf var alsæll með viðbrögðin. Þetta er fólkið sem ég vil fá" sagði hann. Við í Rangárþingi eystra skulum sjá til þess að eldri borgarar upplifi sig "vera með" í samfélaginu. Þetta er nefnilega fólkið sem byggði undirstöðurnar að velferð þjóðarinnar.

Gleðilegt sumar kæru sveitungar.



Bílstjórar - Sumarstörf

Eimskip leitar að þjónustuliprum og ábyrgum bílstjórum til starfa hjá Eimskip á Selfossi. Reglubundinn vinnutími er frá kl. 08:00 til 17:00 alla virka daga en æskilegt er að viðkomandi sé reiðubúinn að vinna lengur þegar þörf er á.

Um er að ræða sumarstörf.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Útkeyrsla á vörum á Selfossi og nágrenni
- Lestun og losun vöru í afgreiðslu á Selfossi
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Meirapróf (C) í ákveðin störf en almenn ökuréttindi (B) í önnur
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn hreysti

Nánari upplýsingar um störfin veitir Helgi Sigurður Haraldsson, svæðisstjóri Eimskips á Selfossi í síma **525-7952** eða á netfangið **hlh@eimskip.com**.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Eimskips, **www.eimskip.is**

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí 2022.

Eimskip Selfossi | Háheiði 8 | 800 Selfoss | Sími: 525 7951 | www.eimskip.is



SAMFÉLAGSVERKEFNI

Viltu aðstoð frá góðum granna?

Unga fólkið í verkefninu [Margar hendur vinna létt verk](#) vill aðstoða ykkur í sumar.

Við hjá Landsvirkjun höfum árum saman starfrækt sumarvinnuflokka sem sinna uppbyggingu og fegrun starfsstöðva fyrirtækisins og nágrennis. Jafnframt taka flokkarnir að sér ýmis samstarfsverkefni með nágrönnum okkar vítt og breitt um landið.

Við bjóðum fram vinnu sumarvinnuhópa og verkstjórn í verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum, ásamt ýmsum samfélagsverkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 16. maí og má nálgast umsókn og allar nánari upplýsingar á landsvirkjun.is/margarhendur

Hafðu samband ef þú ert nágrenni okkar og vilt fá vinnuhóp í heimsókn í sumar.





HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

PROJOB
SWEDISH WORKWEAR

Vendur og fluttur
vinnutæki

Sjúdum um allar
merkingar

VIÐ GERUM
ALLT MERKILEGT

FAGFORM

Selfoss 37, Selfoss, S. 482-3266 fagform@fagform.is

Skynsamleg ákvörðun tryggir gott íþróttastarf í Hveragerði

Til að tryggja sem fyrst áframhaldandi starfsemi í Hamarshöllinni og gott íþróttastarf í Hveragerði hefur meirihluti D-listans samþykkt að þegar í stað verði pantaður nýr dúkur frá fyrirtækinu Duol. Tilboð frá fyrirtækinu liggur fyrir og nemur það 86,7 m.kr.. Innifalið er öll yfirbyggingin og allt sem henni tilheyrir sem og lýsing. Var dúkurinn pantaður að loknum fundi bæjarstjórnar þann 13. apríl s.l..

Með uppsetningu, nýju íþróttagólfi, gervigrasi og annarri aðstöðu innanhúss næmi kostnaður við endurbyggingu þessa 5.000 m² mannvirkis um 330 m.kr. sem gæti orðið minna ef gervigrasið reynist óskemmt og ef sjálfböðavinna verður með svipuðum hætti við samsetningu hússins eins og áður.

Með þessari ákvörðun er stefnt að því að Hamarshöllin verði risin aftur næsta haust og þannig stytur sá tími aðstöðuleysis sem annars blasir við bæjarbúum, en afhendingartími dúks er nú rúm 4 mánuðir.

Stálgrindarhús kostar 1000 milljónum meira

Tillaga meirihlutans er sett fram eftir ítarlega skoðun á valkostagreiðningu sem unnin var af Verkís ehf en þar var borinn saman kostnaður við einangrað stálgrindarhús og við endurbyggingu loftborins íþróttahúss.

Samkvæmt greiningu Verkís kostar stálgrindarhús með öllu því sem tilheyrir 1.200 m.kr. - 1.600 m.kr. en byggingakostnaður slíkra húsa sem nýlega hafa verið reist liggur fyrir.

Það hefur verið merkilegt að fylgjast með bæjarfulltrúum minnihlutans í Hveragerði tala niður lausn sem hefur reynst jafn vel og raun ber vitni síðustu 10 ár. Lausn sem hefur gjörbylt íþróttastarfi bæjarfélagsins. Lausn sem skuldbindur ekki



sveitarfélagið og íbúa þess fjárhagslega næstu áratugi og gefur færi á að haldið verði áfram þeirri innviðauppbýggingu á öðrum sviðum sem nauðsynleg er á næstu árum.

Fótboltaskjól sem stenst enga skoðun

Bæjarfulltrúar höfðu sjö vikur til þess að velja fyrir sér og skoða aðra valkosti við byggingu nýs íþróttahúss á meðan að Verkís vann sína greiningu. Á fundi bæjarstjórnar greindi minnihlutinn frá verðhugmynd sem þau óskuðu eftir og fengu tveimur dögum fyrir fund í dúkhýsi með stálgrind. Enn hafa ekki borist neinar aðrar upplýsingar en þær að slíkt hús kosti 300 m.kr. uppkomið. Því miður standast þessar tölur enga skoðun enda virðist hvergi í verðhugmyndinni tekið tillit til kostnaðar við hönnun, við búnað, styrkingu undirstaða, við einangrun, við brunakerfi, loftræsingu og gólfefni svo fátt eitt sé talið.

Er það í raun með öllu óskiljanlegt að bæjarfulltrúar taki ekki mark á rauntölum í skýrslu frá einni stærstu verkfræðistofu landsins. Verkfræðistofu sem hefur síðustu ár hannað og gert kostnaðaráætlanir fyrir íþróttamannvirki og byggir því niðurstöður sínar á rauntölum sambærilegra verka.

Rétt er að geta þess að umrædd hús sem minnihlutinn kallar eftir eru af innflytjanda kölluð fótboltaskjól og nýttast þau undir fátt annað en knatt-

spyrnu. Í Hafnarfirði reis slíkt 8.500 m² hús fyrir 3 árum og kostaði það rúmar 800 milljónir króna. Þessi kostnaður hefur síðan einungis hækkað. Ef við slíkt hús yrði bætt yleiningum og öðrum búnaði til að halda húsinu heitu, upplýstu og loft-ræstu svo fátt eitt sé talið yrði kostnaðurinn fljótur að fara vel yfir milljarðinn. Annað nærtækt dæmi er Selfosshöllin, 6.500 m² sem tekin var í notkun í lok árs 2021. Kostnaður milli 1.500-2.000 m.kr..

Að gefnu tilefni er rétt að geta þess að tryggingakostnaður er sambærilegur á milli húsatagunda og samanlagður viðhalds og orkukostnaður loftborins húss er mun lægri.

Hamarshöllin er tryggð

Mannvirki geta fokið, þau geta brunnið og þau geta fallið saman. Sama hvort um er að ræða loftborin mannvirki, stálgrindarhús eða límtréshús. Þess vegna eru þau tryggð. Tryggingafélag bæjarins mun bæta stóran hluta þess tjóns sem hlaut af óveðrinu. Hafa bæjaryfirvöld verið fullvissuð um að sambærilegt mannvirki verði tryggt að nýju.

Stefnum að frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja

Hamarshöllin olli byltingu í íþróttastarfi í Hveragerði þegar hún reis árið 2012. Þar með sköpuðust afar góðar aðstæður fyrir unga sem aldna til fjölbreyttrar íþróttaiðkunar. Aðstæður sem mjög margir öfunduðu Hveragerðinga af. Inni var hlýtt og notalegt og kom það mörgum á óvart sem vanari voru kaldara lofti í öðrum íþróttahúsum.

D-listinn stefnir ótrauður að frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja í Hveragerði svo sem viðbyggingar sunnan við íþróttahúsið Skólamörk og uppbyggingu gervigrasvallar í fullri stærð. Slík uppbygging gæti ekki orðið að veruleika fyrr en eftir fjölmörg ár ef ráðist er í uppbyggingu húss sem kostar margfalt á við það sem endurbygging Hamarshallarinnar eins og við þekkjum hana myndi kosta.

Bæjarfulltrúar D-listans í Hveragerði,
Eyrþór H. Ólafsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Friðrik Sigurbjörnsson
Aldís Hafsteinsdóttir



**HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS**

Bólusetning nr. 4 - vaccination Fyrir 80 ára og eldri

**Boðið verður upp á fjórða skammt við covid-19 í Vallaskóla á Selfossi (aðalinngangur).
Miðvikudagur 4. maí 2022 kl. 15:00 - 18:00
fyrir þá sem búa í Árnes- og Rangárvallasýslum.**

Vegna áframhaldandi COVID-19 faraldurs hefur sóttvarnalæknir ákveðið að bjóða 80 ára og eldri fjórða skammt af bóluefni ef a.m.k. 4 mánuðir eru liðnir frá þriðja skammti. Einnig þurfa að líða 3 mánuðir frá covid smiti að fjórða skammti.

Boðað verður með sms í bólusetninguna, þeir sem fá ekki boð geta samt sem áður mætt uppfylli þeir skilyrðin.

4. vaccination for 80+

Wednesday mai 4. 2022 at 15:00 - 18:00

Takes place at Vallaskóli in Selfoss only for those who live in Árnes and Rangárvallasýsla.
Those that are called in will received text messages.

Árborg er stórborg

Árborg er sveitarfélag í örum vexti og breytist hratt. Þar sem áður þekktu allir alla, er nú komin borgarbragur á sveitarfélagið okkar. Ef sveitarfélagið á að halda í við þessar öru breytingar og mikla vöxt, þá þarf stjórnsýslan að þróaast með. Ef við ætlum að halda sveitarfélaginu sem óskastað ungs fjölskyldufólks, viðhalda vexti og grunnþjónustu fyrir alla þá höfum við ekki efni á því að taka afdrifaríkar ákvarðanir í heita pottinum, í feringarveislum eða reykmettuðum bakherbergjum. Fólksfjölgunin er tækifæri, vaxtarverkirnir eðlilegir og við eigum að líta á meiri útgjöld sem fylgja örum vexti sveitarfélagsins sem fjárfestingu í framtíðinni. Þetta er lúxus vandamál á meðan mörg byggðarlög eru skilgreind sem brothættar byggðir eða eru í vanda vegna fólksfækkunar. Við hjá Áfram Árborg lítum á þetta sem lúxus tækifæri.

Vönduð vinnubrögð
Þá riður á vönduð vinnubrögð við alla ákvarðanatöku og stranga forgangsroðun. Allra mikilvægast er að vanda til verka, hafa til reiðu nauðsynleg gögn og taka upplýstar ákvarðanir. Ákvarðanir um hvaða framkvæmdir og fjárfestingar er lagst í, ákvarðanir um hvar þurfi að bæta í rekstrarfé, hvar þarf meira fólk á gólfinu til að veita þjónustuna og hvernig laun það á skilið og að lokum, hvað má bíða betri tíma. Þá er líka nauðsynlegt að halda vel á fjármálum og forgangsraða fjármunum í það sem skiptir mestu máli: Grunnþjónustu við íbúa, lögbundin verkefni sveitarfélagsins, framkvæmdir og verkefni sem ríma inn í þá björtu framtíðarsýn sem við sjáum fyrir stórborgina Árborg.

Fúsk er dýrt - framsýni borgar sig
Við megum ekki við því að henda skattfé í það sem skiptir litlu máli og er illa úthugað. Við höfum ekki efni á að eyða fjármunum vegna málssókna á hendur sveitarfélaginu vegna óvandaðrar ákvarðanatöku. Árborg eyðir of miklum tíma og fjármunum í að slökkva elda, að bregðast við í stað þess að móta stefnu til framtíðar og fylgja henni. Við eigum dýr-

mætan mannauð sem okkur ber skylda til að nýta vel og hlusta á. Sveitarfélagið nýtir ekki nægilega vel sérfræðiþekkingu sem liggur í nefndum, hjá starfsfólki og íbúum. Margt af þessu hefur batnað til muna á nýliðnu kjörtímabili en við þurfum enn að gera betur. Í of mörgum tilfellum fara málefni framhjá nefndum sveitarfélagsins og send beint í bæjarráð eða til bæjarfulltrúa. Oft eru þau illa reifuð og lítið undirbúin en það er strax tekin ákvörðun. Það er svo happa og glappa hvort ákvörðunin var skynsamleg eða ekki. Nefndir sveitarfélagsins eru ekki til skrauts. Þær hafa hlutverk, sumar hverjar lögbundið hlutverk og eiga að sinna því. Sem dæmi er fjárhagsáætlun Árborgar ítrekað farin beint til bæjarfulltrúa án þess að við eigandi nefnd fjalli um rekstur viðeigandi málaflokks og sendi til bæjarstjórnar vel ígrundaða tillögu um fjárhagsáætlun næsta árs. Þetta myndi létta vinnuna fyrir bæjarfulltrúa, fylgigögn og rökstuðningur lægi fyrir þegar þeir fá áætlanir í hendur. Ég vil einnig benda á að þegar ákvarðanir eru teknar án þess að hafa gengið í gegnum réttan, stjórnsýslulegan farveg

Álfheiður Eymarsdóttir

stjórnsmálafræðingur og oddviti Á lista Áfram Árborgar.



þá er það brot á lögum og eykur líkurnar á því að ákvarðanir geti orðið íbúum dýrkeyptar, hlutir fari fram úr fjárhagsáætlunum vegna óvandaðra vinnubragða og þess vegna erum við að drukna úr viðaukum við fjárhagsáætlun.

Hugsum ekki í kjörtímabilum
Við hjá Á lista Áfram Árborgar leggjum mikla áherslu á vönduð vinnubrögð og fagmennsku sem tryggir betur að þetta einstaka tækifæri Árborgar fari ekki forgörðum, fjármunir séu nýttir betur, grunnþjónusta sé örugga og fumlauus og ákvarðanataka faglegri. Það vill enginn búa í sveitarfélagi sem fjárfestir ekki í velsæld íbúa en hendir þess í stað fjármunum í óþarfar framkvæmdir, málssóknar kostnað og skaðabætur vegna lélegrar stjórnsýslu. Við þurfum ekki á neinum Bragga að halda.

Sýnum framsýni og pólitískt hugrekki til að breyta og bæta. Framtíðin er núna! Kjósum x-Á!



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



ATVINNA Í BOÐI
VERKSTÆÐI

Óskum eftir að ráða manneskju til viðhalds véla, húsa og annarra tilfallandi verkefna.

Æskilegt er að viðkomandi hafi vélstjóraréttindi, vélvirkjaréttindi eða reynslu á þessu sviði. Meirapróf á vörubíla og lyftarapróf er kostur.

Upplýsingar í síma 483 3548 eða á sigrun@hafnarnesver.is



Hafnarnes VER hf.
FISKVINNSLA - ÞORLÁKSHÖFN

Safnvörður við Byggðasafn Árnesinga

Starf safnvarðar við Byggðasafn Árnesinga er laust til umsóknar.

Um er að ræða fullt starf. Unnið er í þriggja manna teymi faglegra starfsmanna undir stjórn safnstjóra að fjölbreyttum störfum við safnið. Starfið fellst í móttöku gestahópa og leiðsögn, gæslu, safnmunaskráningu í Sarp, umsýslu varðveislu safnkosts, viðburðastjórnun, sýningagerð, markaðssetningu, safnfræðslu fyrir nemendur skóla og ýmsu fleiru. Leitað er að drifandi og áhugasömum einstaklingi sem er sjálfstæður og vandaður í vinnubrögðum og lipur í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun sem nýtist í starfi og þekkingu á safnastarfi. Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og góð íslenskukunnátta og ritfærni. Æskilegt er að viðkomandi geti unnið utan hefðbundins dagvinnutíðis þegar svo ber undir.

Byggðasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga bs., starfssvæðið er Árnessýsla öll en höfuðstöðvar safnsins eru á Eyrarbakka. Safnið er með skrifstofu og geymslur að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka og grunnsýningu í Húsinu á Eyrarbakka, Eggjaskúrnum og Kirkjubæ. Það sér einnig um starfsemi Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Rjórnabúsins á Baugstöðum skv. þjónustusamningum.

Umsóknarfrestur er til 16. maí 2022. Gert er ráð fyrir að ráða til eins árs með möguleika á framtíðarráðningu. Laun samkvæmt kjarasamningi Fræðagarðs við Samband íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf ekki síðar en 1. ágúst 2022. Nánari upplýsingar gefur Lýður Pálsson safnstjóri í síma 891 7766.



Upplýsingar um Byggðasafn Árnesinga má finna á heimasíðu safnsins www.byggdasafn.is. Umsóknir skal senda til **Byggðasafns Árnesinga, Búðarstíg 22, 820 Eyrarbakka** eða á netfangið lydurp@byggdasafn.is. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.



BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA

PANTAÐU
LJÓSMYNDIR

honun.prentmetoddi.is

Við erum með allar
algengustu stærðirnar



Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944 | prentmetoddi.is

Leikfélag FSu endurvakið

Nú hefur Leikfélag FSu verið endurvakið eftir langan veirusvefn en hefð hefur verið fyrir því í starfi skólans að setja upp leiksýningar. Þetta eru mikil gleðitíðindi. Og uppskeran eftir því: frumsamin gamansöng-leikur sem ber nafnið Á bak við tjöldin. Höfundar verksins eru fjórir nemendur FSu: Hanna Tara Björnsdóttir, Helga Melsted, Sigríður Fjóla Þórarinsdóttir og Svala Norðdahl. Jafnframt því að semja verkið saman leikstýra þær því einnig og leika burðarhlutverk.

Fjölmarginir nemendur koma að sýningunni á einn eða annan hátt: leika, syngja, dansa, hanna



Mynd: Ágústa Ragnarsdóttir.

og sauma búninga, búa til sviðsmynd og stýra lýsingu. Verkið er sýnt í leikhúsi Leikfélags Hveragerðis og eru auglýstar þrjár sýningar eftir páska: 22., 23. og 24. apríl. Hægt er að nálgast upplýsingar um verkið á instag-

ram reikningi leikfélags FSu og panta þar miða eða í síma 897 8685. Viðbrögð leikhúsgesta hafa verið mjög jákvæð og er leikfélaginu og öllum aðstandendum sýningarinnar óskað innilega til hamingju. -jöz

Til leigu útsýnis og veitingastaðurinn
Hafið Bláa
við Ósa Ölfusár



Hólmur Björn Sigþórsson
Löggiltur fasteignasala
holmar@helgafellfasteignasala.is
s. 893 3276

Glæsilegur og notalegur veitingastaður sem staðsettur er á fallegum stað við suðurströndina steinsnar frá Reykjavík.

Veitingastaðurinn leigist út með öllum tækjum og búnaði sem þarf til veitingareksturs og húsnæði sem er 276m².

Hér er um að ræða frábært tækifæri til að leigja glæsilegan veitingastað í einstaklega fallegu umhverfi.

Miklir möguleikar eru í rekstrinum s.s. veitinga og veislu þjónusta fyrir stóra sem smá hópa, tenging við náttúruna með norðuljósaskoðun, göngu um fjöruna og nágrenni með fjölskrúðugu fuglalífi og skemmtilega gönguleiðir.



Nánari upplýsingar veitir:
Hólmur Björn Sigþórsson, lögg. fast.
holmar@helgafellfasteignasala.is.

Er uppselt í Árborg?

Morgunblaðið greinir frá því í síðastliðinni viku að geta Selfossveitna til að afhenda heitt vatn til nýbygginga í Sveitarfélaginu Árborg sé komin að þolmörkum. Er þar vísað til bréfaskrifta embættismanna sveitarfélagsins sem virðast ekki eiga aðra leið en slíka til að opinbera áhyggjur sínar af vissulega alvarlegri stöðu.

Þessi staða er með hreinum ólíkindum í ljósi þess hve núverandi meirihluti og bæjarstjóri þeirra hefur hvatt verktaka til aukinnar byggingu íbúða og atvinnuhúsnæðis, vitandi að staða grunn innviða sé í raun ekki að þola slíka uppbyggingu. Það er verulega óábyrgt af þeirra hálfu að hafa ekki hlustað á ráðleggingar starfsmanna sveitarfélagsins í þessum efnum. Það er langt gengið þegar embættismenn eru opinberlega farnir að senda minnisblöð sín á milli til að vekja athygli á stöðunni.

Samkvæmt ábendingum Mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar er nú þegar búið að gefa leyfi fyrir um 549 nýjum íbúðum. Hitaveitukerfið þolir ekki nema um 417 íbúðir. Því er eðlilegt að velta fyrir sér hvert verið sé að stefna. Eða er yfir höfuð til einhver skýr stefna hjá meirihlutunum, þar sem mannvirkja- og umhverfissvið bendir sömuleiðis á að framboð skóla- húsnæðis og annarra sambæri-

Bragi Bjarnson,
oddviti D-listans
í Árborg



legra innviða þurfi að skoða ítarlega í ljósi fjölgunar íbúa og aukinna byggingaráforma í sveitarfélaginu. Og þetta er kallað farsælt samstarf.

Maður veltir því eðlilega fyrir sér hvort yfirvofandi sé framkvæmdastopp í sveitarfélaginu strax á þessu ári. Það hefur grafalvarlegar afleiðingar fyrir stöðu sveitarfélagsins, sem skv. fjárhagsáætlun reiðir sig á áframhaldandi sölu lóða til að mæta útgjaldaaukningu sem virðist óstöðvandi hjá þeim sem nú halda um stjórnartaumana. Gæti slíkt framkvæmdastopp mögulega þýtt að sveitarfélagið verði að endurgreiða lóðir eða verði einfaldlega skaðabótaskyldt sé horft til þeirrar fjárfestingar sem fjölskyldur og fyrirtæki hafa lagt í?

Þetta eru vinnubrögð sem D-listinn í Árborg stendur ekki fyrir. Kjörnir fulltrúar eiga að horfa fram á veginn, hlusta á sérfræðinga og fagaðila og hafa ráð þeirra til hliðsjónar við ákvarðanir þegar mótuð er framtíðarsýn, samfélagi okkar og íbúum þess til heilla.

Framtíð Hamarshallarinnar

Hvergerðingar urðu fyrir miklu eignatjóni í einu fátíðra vetrarins þegar Hamarshöllin féll. Þetta var mikið áfall fyrir íþróttalífið það þurfti að gera ráðstafanir og fá hjálp úr öðrum sveitarfélögum svo sem minnst rof yrði á æfingum barnanna. Þakkir til allra þeirra sem hafa lagt hönd á plóg til að halda starfinu gangandi og þakkir til sjálfboðaliðanna sem tóku þátt í því að hreinsa til og koma dúknum í verð sem lið í fjáröflun fyrir íþróttafélagið Hamar.

Hvað segja gögnin?

Á bæjarstjórnarfundi Hveragerðisbæjar þann 13. apríl síðastliðinn var tekin fyrir skýrsla verkfræðinga sem hafði að geyma þá kosti sem væru í stöðunni til uppbyggingar. Ákveðin vonbrigði voru þó með skýrsluna þar sem hún hafði ekki að geyma öll þau gögn sem bæjarráð hafði óskað eftir. Minnihlutinn, fulltrúar Framsóknar og Okkar Hveragerðis fóru þá á leit við aðila sem gaf verð í stálgrindarhús með dúk en upphitað. Verðið og tímarammi uppsetningar var í takt við loftborið hús.

Nýjar upplýsingar

Með nýjar upplýsingar í sínum fórum óskuðu fulltrúar Fram-

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
bæjarfulltrúi og
skipar 1. sæti lista
Framsóknar í
Hveragerði



sóknar og Okkar Hveragerðis eftir því að skýrslan yrði lögð fram til kynningar en ákvörðun yrði tekin á næsta bæjarstjórnarfundi eða 28. apríl næstkomandi. Mikla virðingu hefði ég borið fyrir þeirri ákvörðun, hefði meirihluti Sjálfstæðismanna verið tilbúin til á hlusta á kynningu í ljósi nýrra gagna og þá jafnvel hægt að slá þá tillögu alveg út af borðinu reyndist hún ekki raunhæf. Mögulega er dúkhýsi besta lausnin, mögulega er samt sem áður stálgrindarhús með dúk, upphitað ákvæðið millilending í þessu máli.

Framtíðin

Það er gríðarlega mikilvægt í öllu ferli innan sveitarstjórnar að taka upplýsta ákvörðun um verkefni á grundvelli faglegra gagna. Það er einnig mikilvægt að skapa sem mesta sátt í bæjarfélaginu um framtíð íþróttastarfsins og það gerum við á grundvelli upplýsingar. Þannig viljum við í Framsókn í Hveragerði vinna.

Súpukvöld
Hótel Skálholti kl.18:00 - 20:00
miðvikudaginn 27. apríl. 2022

Kæru íbúar Bláskógabyggðar

Samtal og samvinna eru lykilatriði þegar það kemur að samfélögum.

Þess vegna vonumst við eftir því að sjá sem flesta íbúa á lifandi íbúafundi í Skálholti næstkomandi miðvikudag, þar sem boðið verður upp á súpu og spjall um öll helstu málefni Bláskógabyggðar.

Allir velkomnir!



ATH! Tilvalið að gera góða ferð enn betri og skella sér á tónleika hjá ME kórnum í Skálholti kirkju kl. 20:00.



Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu
og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir

Almenn
prentun

Bækur



Límmiðar

📍 Eyraveggi 25, 800 Selfoss

☎ 482 1944

✉ selfoss@prentmetoddi.is

🌐 prentmetoddi.is



Pörf á vandaðri stjórnarsýslu í Hveragerði

Þegar hugtakið stjórnarsýsla sveitarfélags er notað er oftast átt við alla þá starfsemi sem sveitarfélag sinnir. Um stjórnarsýslu sveitarfélaga, og í raun ríkis líka, gilda tilteknar reglur sem er að finna í gildandi lögum en um hana gilda líka siðareglur kjörinna fulltrúa og ýmsar óskrifaðar reglur sem þarf að taka tillit til við úrvinnslu verkefna sveitarfélaga. Það er mikilvægt að við rekstur verkefna og úrlausn mála hjá sveitarfélögum sé viðhöfð vönduð stjórnarsýsla samkvæmt lögum og reglum. Það tryggir að lýðræðislegum ferlum sé fylgt og að niðurstaða mála sé tekin að vel athugðu máli með hagsmuni og réttindi almennings að leiðarljósi.

Dæmin úr Hveragerði

Í Hveragerði hafa því miður verið allmörg dæmi undanfarin misseri um óvandaða stjórnarsýsluhamti undir stjórn meirihluta Sjálfstæðisflokksins. Þar má nefna kaup á ónýtu húsi sem bærinn hefur tapað 10 m.kr. á, samþykkt á niðurfirri húss á hverfisverndarsvæði, kaup á þekktu vörumerki og hindrun á því að nýir rekstraraðilar geti nýtt það, fótur settur fyrir rekstraraðila matarvagns í Hveragerði og greiðslu til eins fyrirtækis upp á 50 þús. kr. á dag fyrir þjónustu sem að stærstum hluta snýst um rekstur á salernum inni í Dal. Nýjasta dæmið er svo ákvörðun Sjálfstæðisflokksins á bæjarstjórnarfundum í apríl um að blása upp nýtt loftbórið ípróttahús í stað þess sem fauk í heilu lagi af grunni sínum í febrúar síðastliðnum. Þar var virkilega illa haldið á málum, fundargögn bárust of seint, skýrsla sem lá fyrir fundi bæjarstjórnar var ófullgerð og Sjálfstæðisflokkurinn hafnaði að kanna aðra og mögulega hagkvæmari kosti um uppbyggingu Hamarshallarinnar.

Athugun innviðaráðuneytisins

Allt eru þetta mál sem bæjarfulltrúar Okkar Hveragerðis hafa bent Sjálfstæðisflokknum á að betur mætti standa að, en því miður hefur ekki verið hlustað. Alvarlegt dæmi um óvandaða stjórnarsýslu í Hveragerði er frá fundi bæjarstjórnar 14. október 2021 þegar lágmarksreglum sveitarstjórnarlaga var ekki fylgt og ákvörðun tekin um framkvæmdir sem að lokum munu kosta bæinn um milljarð króna, og það án þess að nokkur gögn lægju fyrir fundinum. Beiðni minnihlutans í bæjarstjórn um að fresta málinu svo að allir bæjarfulltrúar gætu kynnt sér málið var hafnað af meirihluta Sjálfstæðisflokksins, sem

Njörður
Sigurðsson

2. sæti Okkar
Hveragerðis



Dagný Sif
Sigurbjörnsdóttir

3. sæti Okkar
Hveragerðis



þar með hafnaði vönduðum vinnubrögðum.

Bæjarfulltrúar Okkar Hveragerðis og Frjálsra með Framsókn sáu sig knúna til að senda kvörtun um þessa málsmeðferð Sjálfstæðisflokksins til innviðaráðuneytisins enda bendir allt til að málsmeðferðin sé í andstöðu við lög. Innviðaráðuneytið kallaði eftir upplýsingum frá bæjaryfirvöldum í janúar síðastliðnum og mun niðurstaða í þessu máli vonandi liggja fyrir fljótlega, enda mikilvægt að íbúar sjái frá óháðum aðila hvernig stjórnarsýslan hefur stundum verið í Hveragerði.

Fagleg ráðning bæjarstjóra

Eins og sjá má af framangreindu hefur pottur víða verið brotinn í stjórnarsýslu Sjálfstæðisflokksins þar sem fulltrúar hans hafa virt að vettugi leikreglur og lög stjórnarsýslunnar, og þar með lýðræðið. Það er því mjög mikilvægt að blaðinu verði snúið við í Hveragerði og áhersla verði lögð á að vanda úrvinnslu verkefna og ákvarðanatöku í öllum málum, stórum sem smáum. Veigamikil leið til að snúa ofan af þessari menningu sem orðið hefur til undanfarin ár undir stjórn Sjálfstæðisflokksins er að hvíla hann frá stjórn bæjarins.

Annað mikilvægt skref er að strax eftir kosningar 14. maí nk. verði ráðinn bæjarstjóri til starfa á faglegum grundvelli að undangenginni auglýsingu. Með því að leggja til grundvallar tiltekna hæfnisþætti, þ.d. menntun sem nýstist í tæfni, þekkingu og reynslu af stjórnarsýslu og stjórnun og að viðkomandi hafi hæfileika til að stýra og dreifa verkefnum er öruggt að betur mun takast til í stjórnarsýslunni en undanfarin misseri.

Þess vegna leggur bæjarmálafélagið Okkar Hveragerði mikla áherslu á að ráða til starfa bæjarstjóra á faglegum grundvelli að undangenginni auglýsingu og að ástunduð sé vönduð og fagleg stjórnarsýsla. Undir eru hagsmunir íbúa og réttindi þeirra og af því má ekki gefa afslátt.

Hvað ef skógur umlyki Sveitarfélagið Árborg?

Skógar brjóta niður vind og búba til skjól, eru búsvæði ótal dýra- og plöntutegunda og eru vinsælir til útivistar. Skógar geta líka aukið lífsgæði okkar til muna og þá aðallega með tilliti til skjólmyndunar (vindstyrks og hitastigs).

Veður og vindafar

Á vef Veðurstofu Íslands er vindur skilgreindur sem loft á hreyfingu. Loftþrýstingur er algengasta ástæða þess að vindur verður til, þrýstingurinn er ekki sá sami á einum stað og öðrum. Ástæður þrýstimunansins er margþættur, en vindurinn verður til þegar loft fer að streyma frá hærri þrýstingi í átt að þeim lægri. Margt tefur og truflar vindinn á þeirri leið hans. Eitt af því sem truflar vindinn á ferðalagi sínu er svokallað hrýfi jarðar, sem er mismunandi eftir lögun og gerð yfirborðs. Hrýfi er mælikvarði á áhrif núnings milli lofts og yfirborðs jarðar.

Lægst er hrýfi yfir opnu hafi eða vötnum.

Óregla yfirborðs jarðar er mismikil, t.d. er hún mun meiri yfir þéttbýli en sléttum sveitatúnunum og mýrum og því er hrýfið hærri í þéttbýli en á sléttu túnunum. Skógar líkt og húsapýrpingar lyftir í raun yfirborðinu og breytir bæði vind- og rakasniði gríðarlega miðað við skóglaust land. Óregla yfirborðs hefur einnig áhrif á vind næst því og ná áhrifin venjulega upp í tvöfalda eða þrefalda hæð þess sem hrýft yfirborðið hefur, stundum miklu lengra.

Vindhraði lækkar, hitastig hækkar

Áhrif skóga og skjólbelta innan og utan þéttbýlis er mikið fyrir staðbundið veðurfar. Aukin skógrækt á okkar skóglitla landi er einn af þeim þáttum sem getur aukið lífsgæði okkar og gert líf okkar betra. Sví. Árborg á mörg hundruð hektara af landi sem





hægt er að nýta til skógræktunar sem aukið getur lífsgæði íbúa til muna. Með það í huga ættum við að taka höndum saman og rækta meiri skóg og skjólbelti innan og utan þéttbýlisins.

Ef skógur umlyki Sví. Árborg má búast við að staðbundinn vindhraði lækki, vindkæling minnki og að staðbundið hitastig myndi þar með hækka. Og getur þar munað allt að 2°C á hitastigi innan og utan skógar. Ræktum meiri skóg í Sví. Árborg!

Tómas Ellert Tómasson, byggingarverkfræðingur og formaður bæjarráðs. Skipar 1. sæti á framboðslista M-lista Miðflokksins og Sjálfstæðra í Árborg

Ari Már Ólafsson, húsasmíðameistari og nefndarfulltrúi í skipulags- og byggingarnefnd. skipar 2. sæti á framboðslista M-lista Miðflokksins og Sjálfstæðra í Árborg



Sjálfsögð þjónusta eða óþarfa þras?

Þessa dagana stöndum við á tímamótum. Við horfum fram á uppbyggingartímabil eftir afar langan erfiðleikakafli hjá okkur flestum á tímum heimsfaraldurs. Nú skiptir máli að halda rétt á spöðunum og grípa tækifærin þegar þau gefast. Húsnæðisskortur og hátt fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur orðið til þess að margir kjósa að flytja út á land og þó að fátt jákvætt megi segja um faraldurinn, hefur hann þó, þegar öllu er á botninn hvolft orðið lyftistöng fyrir landsbyggðina í því tilliti að kynna fyrir fólki og fyrirtækjum möguleikann á fjarvinnu. Nú virðist krafa um búsetu nálægt vinnustað ekki eins ríkjandi og áður var, í það minnsta ekki fyrir hefðbundin skrifstofustörf. Rangárþing ytra hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og mikil uppbygging hefur þegar orðið, fasteignir seljast hratt og íbúum fjölga. Við erum sérlega vel sett í þessu tilliti, erum í seilingarfjarlægð við ys og þys höfuðborgarsvæðisins, eigum

nægt byggingarland, nettenging í sveitarfélaginu er með afbrigðum góð og býður upp á marga möguleika í sambandi við störf án staðsetningar. Uppbygging skóla og leikskóla er í farvatninu og gengur ágætlega og fleira mætti upp telja sem kosti þess að velja Rangárþing ytra sem sitt framtíðarheimasvæði.

En þó er eitt veigamikið atriði sem þarf að gefa gaum, nefnilega sú staðreynd að á sama tíma og íbúum fjölga hratt erum við að tapa þjónustu af svæðinu. Pósthúsinu verður lokað nú í vor og nú er svo komið að engin gjaldkerapjónusta er í boði hér í bakanum. Ekki er víst að allir hafi áttað sig á því hvað það merkir, en nú geta börnin ekki látið telja úr baukunum sínum, ekki er hægt að skipta gjaldreyri og fyrirtæki geta ekki sótt skiptimynt eða lagt inn uppgjör í reiðufé nema með tilfæringum. Matvöruverslunin sem okkur stendur til boða er síðan einn kapituli út af fyrir sig og ekki á allra færi að nýta sér hana vegna

Berglind
Kristinsdóttir

7. sæti Á-listans í
Rangárþingi ytra



verðlags, þó í sjálflu sér sé ekkert út á vöruúrval og þjónustu þar að setja. Vanti hins vegar nagla, skrífu, pensil, stígvél á börnin eða aðra sjálfsagða dagvöru sem ekki telst munaðarvara er maður í vöndum málum og fyrrséð að maður þarf að taka sér bíltúr í annað sveitarfélag til að redda málunum. Öll töpuð þjónusta úr sveitarfélaginu er tapaður peningur úr sveitarfélaginu. Það er mjög nauðsynlegur þáttur í allri uppbyggingu til framtíðar að verslun og þjónusta vaxi og dafni samhliða fjölgun íbúa. Framtíðin er björt en hún spannar lengri tíma en fjögur ár, vinnum saman að langtíma áætlan og gerum Rangárþing ytra að blómlegum stað sem við getum verið stolt af um ókomna tíð.

Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar fyrir skólaárið 2022-2022



Aðstoðarskólastjóri 100% starf

Helsta verkefni er að starfa í stjórnunarteymi samrekins leik- og grunnskóla og styðja við og þróa skólastarfið í heild. Veita faglega forystu og starfa eftir aðalnámskrá leik- og grunnskóla.

Hæfniröfur:

- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi á sviði stjórnunar og/eða uppeldis og menntunarfræða er kostur.
- Lausnamiðun, góð samskiptahæfni, skipulagshæfileikar og jákvætt viðhorf eru mikilvægir eiginleikar.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.

- Leikskólakennarar á leikskóladeild 100 %
- Íþróttakennari 50% starf
- Umsjónarkennari á yngsta stigi – tímabundin ráðning til eins árs.
- Smíðakennari - hlutastarf

Hvetjum við alla þá sem hafa áhuga að senda umsókn og eiga við okkur samtalið, líta í heimsókn og sjá hvort það myndi henta að starfa með okkur. Við gerum okkar besta til að taka vel á móti áhugasömum umsækjendum

Nánari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans www.blaskogaskoli.is

Umsóknarfrestur til 27. apríl.

Nánari upplýsingar gefur Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma 868-3035 eða í tölvupósti elfa@blaskogaskoli.is. Með umsókn skulu berast ferilskrá og kynningarbréf.



Laus störf við umönnun

Við leitum að hressu og duglegu starfsfólki til starfa við umönnun aldraðra.

Greitt er eftir kjarasamningi Eflingar og SFV.

Menntunar- og hæfniröfur:

Starfsmaður þarf að hafa náð 18 ára aldri
Góðir samskiptahæfileikar og jákvæðni
Frumkvæði, þolinmæði og sjálfstæð vinnubrögð
Góð Íslenskukunnátta
Reynsla í umönnun er kostur



Sumarstarf í ræstingu

Við leitum að hressu og duglegu starfsfólki til starfa við ræstingu í sumar.

Umsækjandi þarf að búa yfir jákvæðni og sýna frumkvæði og vandvirkni í starfi. Starfsfólk þarf að hafa náð 18 ára aldri.

Um er að ræða dagvaktir og greitt er eftir kjarasamningi Eflingar og SFV.

Starfshlutfall eftir samkomulagi.

Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðuna dvalaras.is
Nánari upplýsingar um starfið veitir mannauðsdeild Grundarheimilanna á mannaudur@grund.is

Á Ási búa um 130 manns í hjúkrunar- og dvalarrýmum og njóta mjög víðtækrar þjónustu í heimilislegu umhverfi. Trúnaður, traust og umhyggja eru höfð að leiðarljósi í samskiptum og lögð áhersla á góðan vinnuanda og sjálfstæð vinnubrögð.



Brúum bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunar barna

Bíðlistar eftir leikskólaplássi í Sveitarfélaginu Árborg hafa því miður ekki verið lengri síðan árið 2018. Þegar D-listinn í Árborg var í meirihluta árin 2014 til 2018 var að jafnaði hægt að bjóða börnum niður í 14 mánaða aldur leikskólapláss sem gaf foreldrum valmöguleika á að fara fyrr aftur út í atvinnulífið. Í dag eru 60 börn á aldrinum 17 til 18 mánaða á bíðlista eftir að komast inn á leikskóla í haust.

Eitt af kosningaloforðum núverandi meirihluta og kemur skýrt fram í málefnaþingi þeirra, var að börn í Árborg myndu fá inn á leikskóla frá 12 mánaða aldri. Það hefur engan veginn tekist þrátt fyrir opnun nýs sex deilda leikskóla í apríl 2021 og annarra bráðabirgðalausna.

Það á að geta verið val fyrir foreldra hvort þeir sendi barnið sitt til dagforeldris eða í leikskóla. D-listinn í Árborg vill horfa skýrt til framtíðar, gera raunhæfar áætlanir og byggja varanlegar lausnir tímanlega í takti við íbúðarþróun í sveitar-

félaginu. Því íbúafjölgun á ekki að skerða þjónustu við núverandi íbúa.



Aukið faglegt samstarf við dagforeldra

Í stefnuskrá D-listans í Árborg fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 14. maí 2022 er gert ráð fyrir að niðurgreiðsla til foreldra með barn í daggæslu í heima-húsi sé frá 10 mánaða aldri þar sem það geta því miður ekki allir foreldrar tekið 12 mánaða fæðingarorlof. Í dag fá foreldrar í Árborg niðurgreiðslu frá 12 mánaða aldri og því viljum við breyta strax til að brúa bilið fyrir þá foreldra sem það þurfa.

D-listinn vill sömuleiðis stuðla að aukinni faglegri samvinnu milli dagforeldra og fjölskyldusviðs sveitarfélagsins til að efla þjónustu við fjölskyldur.

Árborg okkar allra - þar sem þú skiptir máli

Þórhildur Ingvaldóttir,
7. sæti D-listans í Árborg

Frístundir, fyrir öll börn!

Sveitarfélagið Árborg hefur tekið þátt í verkefninu Heilsueflandi samfélag frá árinu 2019. Margt gott hefur verið gert, en betur má ef duga skal. Rannsóknir hafa sýnt að þátttaka barna í frístundum hefur mikið forvarna- og forspárgildi fyrir velgengi þeirra síðar á lífsleiðinni. Þess má geta að frístundir geta verið margvíslegar, þar með talið hvers konar íþróttir, tónlistariðkun og ýmislegt fleira. Það er því mikilvægt að við sem samfélag stuðlum að því með myndarlegum hætti, eins og gert er með frístundastyrk sveitarfélagsins.



stundastyrk mætti auka þátttökuna og um leið greiða götu barna-fjölskyldna til að taka þátt í einhverskonar frístundastarfi frá fæðingu barns.

Allt sem fylgir

Í þessu samhengi er einnig vert að nefna að frístundum fylgir meira en bara æfingagjöld. Það eru búningar, hljóðfæri, keppnisferðir og margt fleira sem frístundastyrkurinn hreinlega nær ekki yfir. Ef við viljum búa til samfélag sem allir hafa jöfn tækifæri er þetta mál sem þarf einnig að skoða alvarlega.

Framtíðin er núna

Við þurfum að hugsa til framtíðar. Það er ávinningur af því fyrir samfélagið að gefa börnum jöfn tækifæri og hugsa um hag barnafjölskyldna. Með því getum við mögulega komið í veg fyrir ýmis vandkvæði síðar. Það er mikilvægt að efla seiglu, styðja við félagslegan þroska og mikilvægast er að sýna það og sanna að öll eigum við sama réttinn til þátttöku í samfélaginu. Þess vegna teljum við í Áfram Árborg mikilvægt að byrja að veita frístundastyrk til barna um leið og þau fæðast og til 18 ára aldurs. Við sem samfélag eigum ekki að hindra leiðir að þátttöku heldur eigum við að efla þær.

Dagbjört Harðardóttir,
forstöðukona,
skipar 3. sæti á
listans Áfram Árborg.

Allir eiga að sitja við sama borð
Það er okkur í Áfram Árborg mikið kappsmál að allir sitji við sama borð og hafi jöfn tækifæri. Með frístundastyrknum hafa fleiri tók á því að vera í hvers konar frístundum heldur en ef hann væri ekki til staðar. Það er samt sem áður áhugavert að velta fyrir sér hvers vegna frístundastyrkurinn er ekki veittur nema frá fimm ára aldri. Við erum því í raun að mismuna börnum vegna aldurs. Börn á aldrinum 0-4 ára hafa einfaldlega ekki sömu tækifæri til frístundaiðkunar og hin eldri. Það er afar mikilvægt fyrir félags- og hreyfiþroska barna að geta tekið þátt í frístundastarfi af einhverju tagi en mýmörg tækifæri eru til þess innan Árborgar hafi heimilið efni á því að senda börn sín á slík námskeið. Með því að veita öllum börnum frí-

Afreksmennina heim

Hluti af sjálfsmynd bæjarfélaga markast oft af árangri íþróttafólks sem þar býr. Því lengra sem lið eða einstaklingsíþróttamenn ná, því stoltari verða þeir af uppruna sínum og bæjarfélagið af þeim. Allir í samfélaginu geta sam-samað sig afreksmanninum eða eiga jafnvel hlut í árangri hans. Skemmtilegt er að minnst þess þegar Íslandsmeistaratitillinn í handbolta kom á Selfoss eða þegar við áttum karla-lið í efstu deild í knattspyrnu. Við höfum átt fjöldann allan af Íslandsmeisturum í einstaklingsíþróttum og er listinn þar mjög langur.

Byggjum upp afreksmennsku

Undanfarið hef ég átt gott samtalið við þjálfara í Árborg og virðast þeir allir vera sammála um að við erum að missa frá okkur margt af efnilegasta

íþróttafólki okkar til Reykjavíkur eftir útskrift úr Fjölbautaskóla Suðurlands. Sjálfur er ég gott dæmi um slíkt en ég yfirgaf heimabæ minn 17 ára gamall og fór til Bandaríkjanna til þess að stunda íþróttir.

Hvað er til ráða? Lítum á hvað við eigum. Við erum með mannvirkin, þjálfarana, sjúkra-þjálfarana og aðstöðuna. Við höfum nánast allt fyrir iðkendur nema háskóla. Ljóst er að margt af efnilegasta íþróttafólki okkar er ekki einungis gott í íþróttum heldur er það einnig gott á bókina og hefur mikinn metnað til náms. Það er því tekið fram yfir búsetuna og flestir flytja frá Árborg. Þetta kemur niður á árangri okkar í íþróttum en einstaklingarnir eru líklegir til að skapa sér aðstöðu til að ná árangri utan Árborgar. Nefni ég í því tilliti vin minn Véstein Hafsteinsson

Arnar Freyr
Ólafsson

1. sæti hjá Fram-sókn í Árborg.



sem er einn besti kastþjálfari í heimi en er frá Selfossi og starfar utan landsteinanna.

Stöðvum spekilekann

Nauðsynlegt er að opna á sam-talið við Háskóla Íslands um að vinna að lausn til fjarnáms hér í Árborg. Skapa aðstæður fyrir afreksfólk okkar í íþróttum til að búa, læra, æfa og ná árangri heima hjá sér. Íþróttarángur er þjóðhagslega hagkvæmur og ber okkur að skapa bestu mögulegu aðstæður fyrir íþróttafólkið okkar.

Skattfé og skotvelli

Fjármagn sem sveitarfélag hefur til ráðstöfunar er að stærstum hluta skattfé íbúanna og ljóst að þeir sem fara með völdin, bæði stjórnvaldamenn og embættismenn, þurfa að tryggja að farið sé eins vel með fjármagnið og kostur er. Í því samhengi gildir ekki alltaf að að ódýrustu og/eða auðveldustu lausnirnar séu hagkvæmastar eða bestar og langar mig til að benda á eitt augljóst dæmi um slíkt hérna í Hveragerði.

Kominn tími á endurnýjun

Körfuboltavöllurinn við Grunnskólann í Hveragerði var gerður árið 2002. Sá völlur hefur illa virkað að mér skilst af þeim sem nota hann.

Körfurnar eru úr járni sem eru óhentugt, á völlinn safnast mikið af bleytu og malbikið fer illa. Þar er oft snjór og klaki yfir veturinn þannig að notkunin er í lágmarki og þá aðeins hluta af árinu. Þetta geta þau sem nota völlinn vottað. Ekki nota stjórn-málamenn eða embættismenn þennan völl. Allavega fæstir verðum við að gera ráð fyrir. Þá veltir maður einfaldlega fyrir sér við hvern var rætt varðandi hönnun og framkvæmd í upp-hafi?

Það er augljóst að svona framkvæmd er alltaf kostnaðar-söm og því mikilvægt að velja efni rétt og taka mið af notkun og aðstæðum. Það verður að taka með í reikninginn að á þeim 20 árum sem hafa liðið síðan völlurinn var settur upp hafa kröfurnar á körfuboltavöllum breyst.

Tímarnir breytast

Körfuboltavöllum undir berum himni fer fjölgandi um allt land, það er meira að segja komin upp Facebook-síða sem gefur fólki tækifæri á að leita uppi

góða körfuboltavelli á Íslandi. Fyrir viku síðan fór undirrituð í Varmahlíð og viti menn, þarna í þessu þínulitla samfélagi var þessi flotti upphitaði körfubolta-völlur, enda eru slíkir velli nú víða.

Gerum betur – tölum saman

Nýlega var gefið út að það eigi að laga gamla körfuboltavöllinn við Grunnskólann. Þetta eru frábærar fréttir, enda löngu komin tími til. Í ljósi þess að upphaflega framkvæmdin hefði mátt takast betur þá hefði maður haldið að vel yrði staðið að málum nú og gert í samræmi við nútímann. Þetta er jú skattfé íbúa í Hveragerði.

Hverja er best að tala við til að tryggja það? Jú eðlilega notendurnar og þau sem búa yfir sérkunnáttu um slíka velli hefði maður haldið. En því miður virðist ekki hafa verið haft samband við körfuknattleiksdeild Hamars né þá sem æfa köfubolta alla daga. Notendur körfuboltavallarins við Grunnskólann hefðu örugglega getað haft eitthvað um málið að segja, sem og reynsla sem önnur sveitarfélög hafa. En niðurstaðan virðist því miður ekki endurspeglar að þetta hafi verið gert. „Nýi“ körfuboltavöllurinn okkar verður t.d. ekki upphitaður.

Forgangsroðum verkefna

Einhver kann að segja að upphitun sé svo dýr, sem er örugglega rétt. En í okkar bæjarfélagi, þar sem fjármagn er af skornum skammti, þá er svo mikilvægt

Guðjóna Björk
Sigurðardóttir

12. sæti Okkar
Hveragerðis



að forgangsraða og vera ekki að spara aurinn og kasta krónunni. Til viðmiðunar þá er fótboltavöllur við grunnskólann, fót-boltavöllur við Hamarinn og fót-boltavöllur upp í dal. Og jú, núna liggur fyrir að setja upp enn einn völlinn við Hólaróló. Sem auðvita er frábært, en eftir situr að aðeins einn óupphitaður körfuboltavöllur verður í Hveragerði, bæjarfélagi sem þekkt er fyrir körfubolta. Auðséð er að aukin og bætt aðstaða mun auka notkun og fá fleiri börn og ungl-inga til að standa upp úr sínum og tölvu og fara út og leika sér.

Það er mikilvægt að haldið sé vel á málum í öllum framkvæmdum sveitarfélagsins, stórum sem smáum. Það eru því mikil vonbrigði að langþráðar lagfæringar á eina körfuboltavelli okkar virðast ekki hafa verið vandaðri.

Til þess að tryggja að farið sé vel með þá fjármagn sem sveitarfélagið hefur til ráðstöfunar skiptir svo miklu máli að vinna grunnvinnuna vel. Þar kemur virkt íbúalýðræði inn, tala við þá sem þekkja til, fá ráðleggingar og samvinnu með þeim sem koma til með að nota velli. Ef það er gert eru líkurnar á að vel takist margfalt meiri.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Búðanáma E13; Aukið umfang efnistöku; Aðalskipulagsbreyting - 2203049

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2022 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna efnistökusvæðis E13. Í breytingunni felst stækkun á fyrrgreindu efnistökusvæði E13 merkt Búðanáma á aðalskipulagi. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er stærð námunnar allt að 50.000 m³. Með breyttu aðalskipulagi verði efnismagn námunnar allt að 125.000 m³.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

2. Ásabyggð 32-42; Deiliskipulagsbreyting - 2111051

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til frístundasvæðis að Ásabyggð. Breytingin nær til lóða nr. 32-42 ásamt nýrri göngu- og hjólaleið við suðurenda skipulagsreitsins sem nýtist jafnframt sem flóttaleið. Svæðið er um 5,0 ha að stærð. Öll hús innan þessa svæðis eru í eigu Kennara-sambands Íslands (KÍ) og eru þau leigð út sem orlofshús til félagsmanna. Markmið breytingarinnar er að leiðrétta staðsetningu þegar byggðra húsa sem eru ekki öll innan byggingareits ásamt því að fjölga um 3 orlofshús og byggja eitt hús sem sinnir umsýslu og viðhaldi á svæðinu auk þess sem gert er ráð fyrir frekari sameiningu lóða. Jafnframt er gert ráð fyrir heimild lagningu vegar að nýjum orlofshúsum

3. Áskot L165263; Deiliskipulag - 2204011

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl 2022 að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til Áskots, L165263. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda sem taka m.a. til vélaskemmu, reiðhallar og hesthúss, viðbyggingar við núverandi skemmu og reitar fyrir gistihús og tækjaskúr.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

4. Krókur L166363; 9 lóðir; Deiliskipulag - 2203010

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til lóða innan lands Króks, L166363. Deiliskipulagið tekur til 3,9 ha landspildu innan skilgreinds landbúnaðarlands. Gert er ráð fyrir að skipta spildunni í níu lóðir. Skipting landsins byggir á þinglýstri skiptingu þess á milli skráðra eigenda jarðarinnar. Af þessum níu lóðum eru byggingar á fjórum og gert ráð fyrir byggingum á tveim til viðbótar. Skipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi á hverjum byggingarreit að byggingarreit 8 undanskildum, en þar er skemma og er nýtingarhlutfall þess reitar fullnýtt nú þegar

5. Brautarholt; Færsla Vallarbrautar og þétting byggðar; Deiliskipulagsbreyting - 2104010

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. apríl 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til þéttbýlisins að Brautarholti. Í breytingunni felst m.a. að gatan Vallarbraut færist um 10-12 m til austurs og suðurs. Bætt er við gönguleiðum, útivistarsvæði og leiksvæði bæði vestan við byggðina og eins sunnan við núverandi borholu hitaveitunnar auk þess sem skilgreint er svæði fyrir grenndargámasvæði norðan sundlaugar.

6. Brúarhlöð L166757; Land Haukhólts 1; Móttaka ferðamanna; Deiliskipulag - 2010064

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Brúarhlaða í landi Haukhólts. Deiliskipulagið tekur til um 6 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn.

7. Nesjar L170877 og L170890 (Litla-Hestvík 1 og 2) og Kleifakot L170903; Deiliskipulag - 2204007

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lands Nesja, Litlu-Hestvík 1 og 2 og Kleifakots. Í skipulaginu felst m.a. að heimilt verði að reisa ný sumarhús eða stækka þau sem fyrir eru. Ennfremur er heimilt að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærri en 40 fm ef engir skúrar eða aukahús eru þar fyrir.

8. Bíldsfell III L170818; Deiliskipulag - 2204008

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Bíldsfells III. Í deiliskipulaginu felst skilgreining 5 lóða og byggingarreita þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, gestahúsa og útihúsa.

9. Þórisstaðir land L220557; Ferðapjónustusvæði; Deiliskipulag - 2002002

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til Þórisstaða lands, L220557. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda fyrir gistihús á um 2,1 ha svæði innan jarðarinnar. Heimilt verður að byggja allt að 15 smáhýsi, þ.e. gistihús undir 40 fm að stærð, ásamt þjónustuhúsi allt að 40 fm. Skilgreindur er einn byggingarreitur fyrir uppbygginguna í heild sinni.

10. Úlfjótssvatn L170830; Frístundabyggð; Skilgreining lóða og byggingarreita; Heildarendurskoðun deiliskipulags - 2202007

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 6. apríl 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar við Úlfjótssvatn, L170830. Fyrir er í gildi deiliskipulag frístundabyggðar við Úlfjótssvatn, dagsett 16.6.1993. Á því skipulagi var gert ráð fyrir alls 26 húsum, 25 sumarhúsum og Úlfjótsskála sem áður var þjónustumiðstöð. Við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi eldra skipulag og uppdættir. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu allt að 29 bygginga, frístundahús og þjónustuhús auk leiksvæða og aðstöðu fyrir tjaldsvæði

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is, og www.fludir.is.

Mál nr. 1-3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 27. apríl 2022 til og með 18. maí 2022.

Mál nr. 4-10 innan auglýsingar eru auglýst frá 27. apríl 2022 til og með 10. júní 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Auglýsing um sveitarstjórnarkosningar í Sveitarfélaginu Árborg

Á-listi Áfram Árborg

- Álfheiður Eymarsdóttir**
